



Gleðileg jól

Nú styttest í jólahátíðina og þá gleði sem henni fylgir. Margir eru nú þegar búnir að setja upp jólasbraut og jólaserjur til að lifga upp á skammdagið.

Myndin hér að ofan var tekin í garðinum hjá þeim hjónum Guðmundi Kr. Jónssyni og Láru Ólafsdóttur í Urðarmóa á Selfossi. Jólasveinarnir þar þykja mjög skemmtilegir og

margir sem gera sér ferð til að skoða þá.

Dagskráin kemur nú út í síðasta skipti á þessu ári, en næsta blað kemur út fimmtudaginn 8. jan. 2015. Starfsfólk Dagskrárinnar óskar Sunnlendingum og öðrum lesendum blaðsins gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með kærri þakklæti fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða. Sjáumst hress og kát á nýju ári. -ög



Björgunarsveitin Björg fékk nýjan Toyota

Á dögunum fékk Björgunarsveitin Björg á Eyraþakka afhentan nýjan Hilux jeppa frá Toyota á Selfossi. Billinn er sérútbúinn hvað útbúnað og tækni varðar og eins og þeir gerast bestir fyrir björgunarsveitir. Bílnum var breytt af Arctic Trucks og er þessi útfærsla nefnd „AT38 Rescue“, en Arctic Trucks vann útfærsluna í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg.



Frá aðventutónleikum kórs ML í Skálholtsdómkirkju sem fram fóru 3. desember sl.

Hlýir tónar á aðventu

Þétt setið var á tónleikum kórs Menntaskólans að Laugarvatni sem haldnir voru í Skálholti í byrjun desember. Kórinn flutti tónlist af ýmsu tagi, en síðari hluti tónleikanna var helgaður tímanum sem framundan er. Fyrir utan sam-söng kórsins fengu einsöngvarar og hljóðfæraleikarar að spreyta sig. Félagar í kórnum eru nú rúmlega sextíu talsins, sem nálgast að vera helmingur nemenda í skólanum. Í kórnum er fólk úr öllum bekkjum skólans, bæði sjóað í kórsöng og nýbyrjað.

Í vetur undirbýr kórinn utan-landsferð sem fyrirhuguð er með vorinu.

Jólatónleikar í Selfosskirkju

Annað kvöld, föstudagskvöldið 19. desember kl. 20:00 bjóða Karlakór Selfoss og Skálholtskórinn, Selfossbúum og Sunnlendingum á ókeypis tónleika í Selfosskirkju. - Sjá nánar á bls. 10.



Nágrannaslagur í lðu - FSu mætir Hamarsmönnum

Í kvöld, fimmtudaginn 18. desember, fer fram stórleikur í íþróttahúsinu lðu á Selfossi kl. 19:15. Þá mætast lið FSu og Hamars í 1. deild karla í körfubolta. Þessir leikir eru vanalega gríðarlega spennandi og fjörugir en nú liggur enn meira undir en oft áður. Liðin eru jöfn við topp deildarinnar,

bæði lið hafa unnið sjö leiki og tapað tveimur. FSu er á miklu skriði þessa dagana og hafa unnið síðustu sex deildarleiki og nú síðast unnu þeir Val á útivelli.

Engu máli skiptir hvort fólk hafi áhuga á körfubolta eða ekki, þetta er leikur sem allir ættu að gera sér ferð í lðu til að sjá. -ög



Jólasveinarnir á þönum

Ungmennafélag Selfoss mun aðstoða jólasveinana við pakkaþjónustu fyrir þessi jól eins og svo oft áður. Sveinarnir verða á þönum á aðfangadag kl. 10-13 við að bera pakkana út. Tekið er á móti litlum pökkum í félagsheimilinu Tibrá við íþróttavöllinn á Þorlákssmessu kl. 18-21.

Skötuveislur vinsælar

Sá þjóðlegi siður að fá sér skötu á Þorlákssmessu hefur lengi verið í hávegum hafður.

Nokkur félagasamtök og veitingahús bjóða upp á skötu eins og Kiwanisklúbburinn Búrfell sem býður upp á skötuveislu í Eldhúsinu á Selfossi, Umf. Vaka í Þjórsárverri og Umf. Stokkseyrar í íþróttahúsinu á Stokkseyri. Þá verður einnig hægt að fá sér skötu hjá Kjöt & kúnt í Hveragerði, á Hótel Selfossi, í Tryggvaskála og Rauða húsinu á Eyraþakka.

-ög

ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM
OKKAR OG SUNNLENDINGUM
ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OG GÆFU
Á NÝJU ÁRI

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Selfossi · S. 699 1985 · 772 2142




Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi

Framúrskarandi
þjónusta 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Fim. 5 í fötu jólabjörns tilboði!

Fös. Trúbadorinn
Magnús Kjartan

Laugd. Jóladjamm!
Frikki Dór & Dj
Haffi Haff. Truflað!

Kiktu við á Þorláksmessu í
eggjapúns!



Eyravegi 2, Selfossi

Kaupir þú áfengi fyrir barnið þitt?

Áramótapartí eru ekki afsökun fyrir
unglingadrykkju?

Áramótin eru tími gleði og ánægju þar sem
fjölskyldan fagnar nýju ári saman.
Forvarnahópur Árborgar hvetur foreldra til að
verja tíma með unglingunum sínum yfir
hátíðarnar.



Gleðilega hátíð

Forvarnahópur Árborgar

FRÓN

heilsta tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Fimmtudagur

Komdu til okkar á FRÓN því það
er jóla kvöld, jólatónlist,
jólakokteilar, jólabjör &
jólaskot á tilboði.

Föstudagur

DJ GAY KAY býður í party! Til
hamingju með útskriftina,
próflokkin, jólafríð, lífið &
tilveruna - tilboð á barnum

Laugardagur

Herra FRÓN heldur upp á
afmælið sitt svo staðurinn
verður stúf fullur þegar þú
mætir! ANDRÉ RAMÍREZ þeytir
skífum og við dónsum þakið af
húsinu!

FRÍTT INN en ekki hvað...

Boltinn í beinni - Rizzo pizzur,
lúxus nachos & boltabjör!

Laugardagur

14:50
Aston villa - Man. United

Sunnudagur

15:50
Liverpool - Arsenal

Boltinn í beinni

fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss



Ísbúð Fluppu óskar ykkur gleðilegra jóla og þakkar
viðskiptin á árinu sem er að líða.

Lág álagning - þinn hagur



Pverslaufur og bindi
2.490-2.990



Carnét stakir jakkar
12.990-19.990

Hágæða buxur frá
Þýskalandi



Jakkaföt normal fit
og slim fit 15.990-24.990



Kjólar 4.990-5.990



Við sendum sunnlendingum öllum
okkar bestu jóla og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu

Opið alla daga til jóla

STRIKIÐ
Fataverslun

Austurvegi 69 • Selfossi • 482 2555
Opið: mán-fös 12-18 • lau 11-16 • sun 12-16

Fatnaður á herra, dömur og börn



Útskriftargjafir, jólagjafir
...og gjafir handa þér!

Þökkum ánægjuleg viðskipti
á liðnum árum með ósk um
gleðileg jól og farsæld á
komandi ári.

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi S: 482 1700 Motivo.is

Bestu jóla- og nýársóskir
til vina og viðskiptamanna.
Þökkum liðið.

Sveinn og Sigurbjörg
Galtalæk 2



Stjórn félags eldri borgara Selfossi
óskar félagsmönnum öllum
gleðilegrar jólahátíðar
og farsældar á komandi ári

GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR

Opið öll kvöld til jóla

20% afsláttur af völdum vörum

JÓLAGJAFAHUGMYNDIR

Fatnaður - Skór - Leðurhanskar

Skart - Skinn - Töskur



Gleðilega jólahátíð
Hjartans þökk fyrir
viðskiptin

Gjafabréf

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Glófi gefur leikskólabörnum á Hvolsvelli ullarsokka

Starfsfólk ullarverksmiðju Glófa á Hvolsvelli færði krökkunum á leikskólanum Örk á Hvolsvelli fyrir skömmu ullarsokka að gjöf. Um er að ræða sokka sem fyrirtækið framleiðir. Krökkunum ætti því ekki að verða kalt á tásunum í vetur.



Gáfu ullarvörur á Kirkjuhvol

Starfsfólk Þrjónaverksmiðjunnar Glófa á Hvolsvelli kom færandi hendi á dvalarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli fyrir skömmu. Gefnar voru ullarvörur sem fyrirtækið framleiðir úr íslenskri ull á Hvolsvelli, ullarsokkar, sjöl og ýmislegt fleira. Vonast fyrirtækið til þess að þetta komi sér vel fyrir íbúana. Margir þeirra koma úr sveitum Suðurlands og hafa með búsetu og starfi tekið virkan þátt í uppbyggingu ullariðnaðarins í gegnum árin.



Helgi, svona skrifar maður ekki!

Það er áhugavert að lesa skrif Helga S. Haraldssonar, bæjarfulltrúa B-lista, í Dagsskránni, undir yfirskriftinni „Svona gerir maður ekki“, þar sem hann gerir að umtalsefni þá ákvörðun bæjarstjórnar Árborgar að taka rekstur Leigubústaða Árborgar ses (LÁ) út úr samstæðureikningi sveitarfélagsins. Helgi virðist hafa gleymt því að hann greiddi atkvæði með þessari breytingu, en ákvörðun um hana var tekin í ársreikningi sveitarfélagsins sem samþykktur var með öllum greiddum atkvæðum í bæjarstjórn hinn 14. maí sl. Helgi er því ekki fyllilega samkvæmur sjálfum sér í skrifum sínum. Helgi hleypur líka yfir þá staðreynd að skulda LÁ var að sjálfsögðu getið í ársreikningnum, líkt og annarra ábyrgðarskulda, sama hvort þær stafa af ábyrgð á lánnum SASS, Brunavarana, LÁ, eða Fasteignafélags Árborgar og í greinargerð með ársreikningi var gerð nákvæm grein fyrir tölulegum áhrifum breytinganna.

Helgi fer líka rangt með það að Eftirlitsnefnd með fjárfélagum sveitarfélaga hafi komist að þeirri niðurstöðu að sveitarfélaginu beri að taka þessa ákvörðun til baka. Nefndin hefur ekki tekið neina ákvörðun í málinu. Nefndin ritaði Sveitarfélaginu Árborg

Ásta Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri
Sveitarfélagsins
Árborgar.



bréf á haustmánuðum þar sem óskað var upplýsinga varðandi þessa ráðstöfun. Fulltrúar sveitarfélagsins funduðu með nefndinni og hefur í framhaldi af því verið tekin sú ákvörðun af hálfu sveitarfélagsins að hafa frumkvæði að því að færa rekstur sjálfseignarstofnunarinnar inn í samstæðu sveitarfélagsins, fremur en að taka upp rökræður við nefndina um réttmæti þess að halda rekstrinum utan samstæðu, þrátt fyrir að það liggi fyrir að það sé með nokkuð mismunandi hætti hvernig ábyrgðarskuldbindingar eru afgreiddar í reikningum sveitarfélaga. Nefndinni verður tilkynnt um þessa ákvörðun þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt og vænta má að málinu sé þar með lokið.

Helgi segir „enga sannfærandi skýringu“ hafa verið gefna á þeirri ákvörðun á sínum tíma að taka rekstur LÁ út úr samstæðu. Helga er kunnugt um það að á árunum 2011–2013 var gerð sú breyting á rekstri félagsins að hann var orðinn sjálfbær, þannig að ekki

var lengur þörf á árlegu framlagi úr bæjarsjóði til að standa undir afborgunum, viðhaldi og daglegum rekstri, en í tíð fyrri bæjarstjórna hafði árleg meðgjöf numið allt að 25 mkr. Einnig var ljóst að eignir Leigubústaða stóðu fyllilega undir skuldbindingum.

Sá árangur sem náðist í rekstri sveitarfélagsins á síðasta kjörtímabili er umtalsverður og hefur skilað því að unnt var t.d. að ráðast í byggingu viðbyggingar við Sundhöll Selfoss og festa kaup á landi sem nýstast mun sveitarfélaginu til framtíðar. Þær fjárhagsáætlanir (áætlun fyrir árið 2010 og þriggja ára áætlun 2011–2013) sem lágu fyrir þegar meirihluti Sjálfstæðisflokksins tók við stjórnartaumunum vorið 2010 gerðu ráð fyrir að sveitarfélagið yrði rekið með tapi öll árin. Þessu tókst að snúa við á fyrsta ári og hefur ekki verið tap af rekstri sveitarfélagsins síðan. Ekki má heldur gleyma því að skuldahlutfall sveitarfélagsins var 206% í lok árs 2009 og ekki teikn á lofti um lækun miðað við þær áætlanir sem lágu fyrir. Skuldahlutfallið fór undir hið opinbera viðmið á árinu 2013 og var það ekki sú ákvörðun að færa rekstur LÁ út úr samstæðu sem gerði það að verkum, þeim áfanga hafði þegar verið náð. Staðreyndirnar tala sínu máli.

Sunnlenski matgæðingurinn



Erna Marlen matgæðingur í Þorlákshöfn er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Ég vil þakka tengdasyni mínum Eiríki Vigni fyrir áskorunina. Hann er grillmeistari fjölskyldunnar. Mig langar að deila með ykkur uppskrift af tveimur góðum sjávarréttum.



Humarréttur

1 kg humar
Brauð
Rjómi ca. peli
4-5 msk. mayonnaise
+ 1 msk. karrý
1 pakki soðin karrýhrisgrjón
1 dós sveppir
Rifinn ostur

Nýmalaður pipar
Smjör til steikingar
½ dós sýrður rjómi 18%
eða 2 dl rjómi
1 bolli rifinn 26% ostur

Beinhreinsið fiskinn. Steikið laukinn í smjörunu þar til hann verður meyr. Setjið kryddið út í og að lokum tómata. Látið sósuna malla smástund þar til hún þykknar og bætið þá rjómanum út í. Setjið saltfiskinn í eldfast mót og hellið sósunni yfir. Jafnið rifna ostinum ofan á. Bakið við 190°C í u.þ.b. 30 mín. Berið fram með soðnum kartöflum eða hrisgrjónum

Smyrja eldfast mót og þekja það með brauði. Hella einum pakka af soðnum karrýhrisgrjónum yfir, þar ofan á humar. Hella rjóma yfir. Hræra saman mayonnaise, rjóma og karrý og hella yfir grjónin og humarinn. Sveppir fara svo næst yfir og að lokum rifinn ostur. Hitið í ofni við 180° – 200° í 30 mín.

Saltfiskur með rauðri svuntu

Fyrir 3-4
600 gr. saltfiskur,
útvatnaður og soðinn
1/1 dós niðursoðnir tómatar
2-3 pressuð hvítlauksrif
2 saxaðir laukar
Basilíka

Ekta vanilluhringir

500 gr. hveiti
375 gr. smjör
205 gr. sykur
125 gr. sætar möndlur
(hakkaðar)
1 egg
Vanilludropar
Hnoðað deig.

Ég vil skora á vinkonu mína, Sesselju Pétursdóttur matgæðing í Þorlákshöfn.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.



Pakkabjónusta jólasveinanna í Ingólfsfjalli

Eins og áður mun Ungmennafélag Selfoss aðstoða við pakkabjónustu jólasveinanna fyrir þessi jól, en jólasveinarnir hafa lengi séð um að bera út pakka á Selfossi á aðfangadagsmorgun kl. 10-13. Tekið er á móti litlum pökkum í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, að Engjavegi 50, á Þorláksmessu kl. 18-21. Gjald fyrir systkinahóp er 1.000 kr.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. Ritstjóri og blaðamaður: Örn Guðnason, sími 856 0672, orng@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraey 25, Selfossi, fyrir hádegi á þriðjudögum. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvottuð prentsmíða




Gáta vikunnar

Ég er fuglafótum á,
flötur gróinn ósum hjá.
Á spjörum margra má
mig á hverjum degi sjá.

Svar við gátu í blaði 2273: KARL

Há-karl. Járn-karl.
Gamall-karl. Karl-steindrangur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



VINSÆLASTA
JÓLAGJÖFIN
Í BÓNUS

Gjafakort Bónus

er gjöf sem kemur að
góðum notum fyrir alla



SPARAÐU TÍMA OG
FYRIRHÖFN. GEFÐU
GJAFAKORT BÓNUS

Bónusgjafakortið fæst
nú til afgreiðslu í öllum
verslunum Bónus

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000



119 KR.

COKE 250ML



138 KR.

EGILS MALT 330ML



119 KR.

EGILS APPELSÍN 275ML

OPNUNARTÍMI Í BÓNUS UM HELGINA

20.des. Laugardagur

10:00-20:00

21.des. Sunnudagur

10:00-20:00

ÓMISSANDI ÞRENNNA YFIR JÓLIN!



Fjalla Hangilæri úrbeinað



KEA Hangilæri úrbeinað



KEA Hamborgarhryggur m.beini



Ali Hamborgarhryggur með beini



Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður

JÓLAVÍNBERIN KOMIN NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR-AFRÍKU



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
Gilda til 21.des. 2014

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Föstudagur 19. desember:
**Beikonskinka með rauðvinsgljúa
osta- og spínatfylltar kjúklingabringur
verð 1679 kr.**

23. desember:
**Skötuveisla, saltfiskur og fl.
Matarmiðar gilda ekki
verð 2499 kr.**

24. desember:
Opið frá kl. 11:30 til 13:00

Gleðileg jól

30. des. opið frá 11:30 til 14:00

31. des. opið frá 11:30 til 13:00



Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770

Erum á
Facebook

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Sterkur
auglýsingamiðill
9000 eintök
Dreift ókeypis
um allt Suðurland**

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
★★★★★

Hótel Rangá óskar eftir að ráða til sín
reynda þjóna og framreiðslufólk
bæði í fullt starf og hlutastarf. Þurfa að
geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á
job@hotelranga.com

Jólapokahjörtu

Pó að stutt sé til jóla er ekki ólíklegt að
enn gefist tími til að hekla eitt lítið
jólahjarta og ef annir eru miklar er
alveg kjörið að eiga eitt lítið verkefni í
handraðanum sem dunda má sér við
yfir hátíðarnar, jólin eru fram til 6.
janúar ekki satt?

Svona hjörtu má hekla úr hvaða garni
sem er og þau eru ekki síður falleg hvít,
gyllt eða silfrud, gætið þess bara að
velja heklunál í stærð sem hæfir
garninu. Við notuðum Manuela, rautt
og gyllt heklugarn, heklunál nr. 2 og
Stiffy til að stífa með.

Hvort hjarta er heklað í þremur
áföngum, byrjað rétt ofan við miðju og
heklað niður og svo tvö „lauf“ upp frá
miðjunni. Auðvitað má láta sér nægja
að hekla eitt hjarta og nota það sem
skraut, en við gerðum tvö og hekludum
þau saman. Við ætlum ekki að segja frá hvaða leyndó liggur ofaní þessum hjartapoka ...
það verður að fá að koma á óvart.



Heklið laust 23 ll, snúið við og gerið 1 st í 3. ll frá nálinni og svo áfram 1 stuðul í hverja ll,
alls 22 stuðlar í umferðinni. Heklið áfram fram og til baka en fækkið um 1 stuðul í
upphafi og lok hverrar umferðar þannig að þið byrjið hverja umferð á 2 ll og heklið 1 st í
2. st fyrri umferðar og í lok hverrar umferðar heklið þið 2 st saman í síðustu 2 st fyrri
umferðar. Þannig fækkar um 2 st í hverri umferð. Heklið þannig áfram þar til 2 st eru í
umferð (alls 11 stuðlaumferðir). Slítið garnið.

Snúið stykkinu og byrjið á lafinu með því að festa garnið við 1. stuðul 1. umf með 1 kl.
Heklið 2 ll (1. st) og 1 st í hvern stuðul fyrri umferðar þar til alls eru 10 stuðlar. Snúið þá
við og fækkið í næstu umferð um 2 st og þannig áfram alls 4 umferðir (4 st í umferðinni).
Slítið garnið frá.

Festið garnið aftur á sama hátt í 3 st frá fyrri upphækkun/laufi (í 13. st fyrstu umferðar).
Heklið 2 ll (1. st) og áfram 1 st í hvern st fyrri umferðar, alls 10 st Heklið áfram eins og
fyrra lafið. Slítið garnið frá.

Heklið annað hjarta eins.

Þá er komið að því að kanta hjörtun með nettum loftlykkjubogum. Við byrjum á efri hluta
annars hjartans, festum svo bæði hjörtun saman og endum á efri hluta hins hjartans.
Festið garnið í ysta stuðul laufsins vinstra megin á hjartanu og *heklið 3 ll, 1 fl í næsta
stuðul* yfir bæði lauf hjartans. Leggið þá hjörtun saman og heklið áfram 3 ll og 1 fl en
nú fer fl í gegnum bæði hjörtun. Heklið þannig niður með hjartanu og upp að næsta
laufi. Þá eru hjörtun föst saman og við köntum fyrra lauf seinna hjartans, Áður en við
köntum seinna lafið hekluð við hanka, beint upp þegar við erum með nálina milli
laufanna. Heklið 45 ll, festið milli laufanna á hinu hjartanu með 2 fl, heklið fl í ll tilbaka og
festið við upphafsreit með 1 fl. Haldið áfram með ll-boga um seinna lauf hjartans. Slítið
garnið frá og gangið frá endum.

Leyfið svo hugmyndafluginu að ráða hvað þið setjið ofan í hjartapokann, litla grenigreina,
konfektmola, smáköku eða hjartnæma orðsendingu, það má endalaust koma á óvart.

Uppskrift Þóra Þórarinsdóttir.

Við viljum loks minna ykkur á að jól og áramót eru löng í ár og því um að gera að gæta
þess að hafa nóg að grípa í til hannyrða yfir hátíðarnar!

**Alda og Þóra í Hannyrðabúðinni óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi
ári og þakka af alhug frábærar viðtökur við uppskriftunum okkar hér í Dagskránni.**



Hannyrðabúðin

Þygravegi 23, Selfossi // 555-1314



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og
langamma,

Fjóra Bachmann

lést 10. desember.

Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtu-
daginn 18. desember kl. 13:30.

Vígsteinn S. Gíslason

Anna Dóra Ágústsdóttir Jón Karl Jónsson

Ingi Þór Ágústsson Rósamunda Baldursdóttir

Gylfi Már Ágústsson Unnur Pálmarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



VISSir þú...



... að bráðum koma blessuð jólin. Við á VISS sendum öllum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur. Þökkum skemmtilegt ár,
samstarf, viðskipti og lestur á þessum dalki. Þetta er tíundi
dálkurinn frá okkur og alltaf gaman að senda eitthvað nýtt fyrir
ykkur að lesa. Megi jólahátíðin verða gleðileg og heillarík hjá
ykkur. Kær jólakveðja frá öllum á VISS.

Víð elskum jólin

**NÝTT
KORTA
TÍMABIL**

JÓLAVÖRUR

20-50%

afsláttur

ALLT JÓLASKRAUT OG SERÍUR



Jólatúlípanar

1.490 kr

10 stk.

Rafhlöðuborvél

12.995 kr

16.995

Black&Decker EPC14CAB
2 rafhlöður 14.4 V
5246006



Russell Hobbs

Matvinnsluvél

16.425 kr

22.990

Illumina
1840079



**25%
afsláttur
RUSSELL HOBBS**

Hraðsuðukanna

7.990 kr

10.790

Chester, 1.7 ltr
1840058



**25%
afsláttur
RUSSELL HOBBS**

Panna Chef

7.999 kr

11.599

Non-stick, á allar hellur, 28 cm
2006503



**30%
afsláttur
AF PÖNNUM**

**FALLEGRI
JÓLATRÉ
Á LÆGRA VERÐI**

Eigum til úrvals
normannspín
sérvallinn af
sérfræðingum
Blómavals.

Barnakuldaskór

4.999 kr

6.999

5872399-401



Glasasett

30 stk
2201165



**aida
daily design**

Glasasett

4.999 kr

8.999



Leiðisgreinar

1.990 kr

**JÓLAGJAFIR
Á GÓÐU VERÐI**

**Afgreiðslutími til jóla
Húsasmiðjan Selfossi**

Laugardagur	20. des	10-18
Sunnudagur	21. des	12-18
Mánudagur	22. des	08-21
Þorláksmessa	23. des	08-21
Aðfangadagur	24. des	08-12

*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum.

blómaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Maður lifir sig inn í þetta á hverjum einasta degi

Þegar körfubolta í Hveragerði ber á góma kemur nafn Lárusar Inga Friðfinnssonar fljótt upp í hugum fólks. Segja má að Lárus sé guðfaðir körfuboltans í Hveragerði. Hann var einn af þeim sem stóð fyrir stofnun körfuknattleiksdeildar Hamars haustið 1992 og hefur borið hita og þunga af starfinu alla tíð síðan. Lárus var kosinn fyrsti formaður deildarinnar á stofnfundinum haustið 1992 og gegnir því embætti enn í dag 22 árum síðar. Lárus tók létt spjall við ritstjóra Dagskrárinnar í liðinni viku þar sem hann sagði frá uppruna sínum og hvernig hann hefur tengst körfubolta í gegnum tíðina.

Kynntist körfubolta í Varmahlíð

Lárus Ingi er fæddur á Sauðárkróki en ólst upp í Varmahlíð þar sem hann kynntist körfubolta fyrst í grunnskólanum. Hann spilaði með Ungmennafélaginu Fram, en það félag sameinaðist síðar öðrum félögum í Skagafirði í Íþróttafélaginu Smára. Á þessum árum spiluðu krakkarnir í Fram stundum við Tindastól. Lárus spilaði svo með Tindastóli tvo veturna þegar hann var í grunnskólanum í Varmahlíð. Hann segir að þar hafi hann kynnst körfuboltaíþróttinni fyrir alvöru. Eftir grunnskólann flutti Lárus úr Skagafirðinum og fór á sjó frá Hornafirði. „Þar spilaði ég stundum með nokkrum körlum úr Sindra á Hornafirði. Það var nú ekki mikið í gangi hjá okkur. Einu skiptin sem við spiluðum var þegar við fórum út á Stokksnes á Hornafirði, en þar var Kaninn með herstöð, og spiluðum á sunnudagsmorgnum við herinn. Þeir voru innilokaðir þarna og ekkert um að vera hjá þeim. Ætli ég hafi ekki verið svona 18–19 ára þegar þetta var,“ segir Lárus.

Kynntist konunni á Hótel Sögu

Frá Hornafirði flutti Lárus til Noregs og var þar í þrjú ár. „Ég var eitt ár í lýðháskóla þar sem aðallega var skíðaganga og aðrar vetrariþróttir. Svo fór ég að vinna á SAS-hótelinu inni í Oslo, en þar var ég í tvö ár og spilaði körfubolta með starfsfólkinu þar. Það var nú meira til gamans gert heldur en í alvöru.“ Lárus flutti svo aftur heim til Íslands 1984 og fékk kokkasamning og fór að læra matreiðslu á Hótel Sögu. Hann segir að þar hafi verið endalaus vinna þau fjögur ár sem hann var þar. „Það voru aukavaktir og mikil vinna og því enginn körfubolti inni í myndinni. Þar kynntist ég konunni minni, Aldisi Hafsteinsdóttur, en hún var að vinna í lobbíinu. Þó það hafi ekki verið körfubolti á þessum tíma þá var ýmislegt annað skemmtilegt í gangi.“ Lárus útskrifaðist svo 1988 og fluttumst ásamt Aldisi til Danmerkur og þar voru þau í tvö ár. „Ég var aðeins í körfubolta þar en ekki mikið. Við fluttum svo á Selfoss 1990 og bjuggum á Bankaveginum í tvö ár. Þá var ég farinn að vinna hjá Kjörís og Aldis vann á Hótel Örk svo að það lá beinast við að flytja frá Selfossi í Hveragerði þar sem við vorum náttúrulega bæði að vinna þar.“

Körfuknattleiksdeild Hamars stofnuð

Árið 1992 urðu kaflaskil í íþróttastarinu í Hveragerði en á því ári var Íþróttafélagið Hamar stofnað. Þá um vorið var verið að þróa Hamar þ.e. hvernig íþróttafélagið yrði. Lárus segir að sér hafi fundist vanta körfubolta í Hveragerði. „Ég hef alltaf haft gaman af körfubolta þó ég hafi sjálfur ekki getað mikið en það er nú aukaatriði. Ég spurði því vinnufélaga mína í Kjörís hvort það væru ekki einhverjir sem spiluðu körfubolta. Jú, þeir gátu bent mér á nokkra. Þar á meðal var Gísli Páll Pálsson, framkvæmdastjóri dvalarheimilisins Áss. Ég þekkti hann ekki neitt en vissi að hann var að spila með Selfyssingum. Ég hringdi í hann og spurði hvort við gætum ekki mælt okkur mót og tekið spjall og það gerðum við. Upp úr því ákváðum við að stofna körfuknattleiksdeild Hamars. Hún var síðan stofnuð 12. september 1992.“

Boltinn fer að rúlla

Segja má að þarna haustið 1992 hafi boltinn farið að rúlla. Þeir félagar byrjuðu á að finna þrjá aðra í stjórn með sér og ákváðu síðan að vera með í héraðsmótinu þ.e. HSK-mótinu í körfubolta. „Það var virkilega gaman að taka þátt í því móti. Þetta voru þrettán lið sem spiluð í mótinu, nákæmlega eins og í Íslandsmótinu þ.e. leikir heima og að heiman og heimaliðin sköfðu dómarana. Þetta voru lið alveg frá Hveragerði austur að Skógum og allt þar á milli. Við vorum með þar nokkur tímabil en svo fannst okkur vanta smá innspýtingu í þetta þannig að við skráðum okkur á Íslandsmót í 2. deildina 1996. Ég man nú ekki hvernig okkur gekk en mér fannst enn vanta eitthvað meira í þetta hjá okkur. Þá ákvað ég upp á mitt eindæmi að ráða útlending til liðsins. Ég hafði samband við Axel Nikulásson sem var þá hjá KR og hann kom mér í samband við leikmann frá Úkraínu, Ulek Krianoski. Hann var fyrsti útlendingurinn okkar sem kom í Hamar. Hann var hérna hjá okkur og tók þetta mjög alvarlega, en hann er mikill höfðingi. Hann kom okkur í úrslitakeppnina í 2. deildinni. Þar lentum við á móti Laugdælum sem voru með hörkulið og voru virkilega góðir. Leikurinn fór fram hérna í Hveragerði og svo fór að við höfðum sigur. Þannig að við vorum bara allt í einu komnir upp í 1. deild.“



Lárus Ingi Friðfinnsson, formaður körfuknattleiksdeildar Hamars. Ljósmynd: ÖG.

Skipt um gir

Lárus segir að á þessum árum hafi hlutirnir gengið mjög hratt fyrir sig. Í fyrstu var Hamar með þjálfara frá Akranesi sem hét Jón Þór og þjálfaði liðið í eitt ár, en hann var að læra í ÍKÍ á sama tíma. Síðan var skipt um þjálfara. „Það hringdi í mig maður sem sagðist heita Pétur Ingvarsson. Ég vissi ekkert hver hann var, hann sagðist hafa áhuga á að þjálfja okkur. Mér fannst alveg sjálfsagt að fá hann til að koma og ræða við okkur, af því að hann hringdi nú sjálfur að fyrrabragði. Hann var ráðinn og tók við okkur á ári tvö í 1. deildinni. Hann skipti alveg um gir og kom okkur beint upp í úrvalsdeild. Þar vorum við svo 9 eða 10 ár samfleytt og hann var alltaf þjálfari. Það gekk virkilega vel.“ Pétur kom Hamarsliðinu m.a. tvisvar í Laugar-dalshöllina í bikarúrslitaleik þó báðir leikirnir hefðu tapast. Í fyrra skiptið var það Hamar en í seinna skiptið Hamar/Selfoss. „Við vorum með sameiginlegt lið í þrjú ár en svo gekk það bara til baka,“ segir Lárus.

Kvennaboltinn flaggskipið í dag

Þegar talið berst að körfuboltastarfi Hamars í dag segir Lárus að flaggskip félagsins núna sé eiginlega kvennaboltinn. „Það er auðvitað misjafnt gengið eins og gengur. Við misstum t.d. í vetur 5–6 leikmenn, eiginlega allt byrjunarliðið. Þetta er svolítið brothætt, en við erum í efstu deild og erum að berjast við að halda okkur uppi þar og vonandi tekst það.“ Megin uppistaðan í liði Hamars eru stelpur af svæðinu og segist Lárus vera mjög stoltur af því geta sagt að Hamar og Snæfell séu einu tvö kvennaliðin í deildinni fyrir utan Reykjavík og Reykjanesið. „Það er rosalega mikilvægt að eiga lið í efstu deild upp á umfjöllun og annað að gera. Hér er líka búið að vera fullt af flokkum á Íslandsmótum. Við urðum Íslandsmeistarar í drengjaflokki ásamt Þór fyrir nokkrum árum. Stelpurnar komust í úrslitakeppni gegn KR og töpuðu þar 3:2 í úrslitum. Þær eru búnar að standa sig gríðarlega vel.“

Ekki allt vitlaust sem maður er að gera

Eins og fram hefur komið er Lárus búinn að vera formaður körfuknattleiksdeildar Hamars alveg frá stofnun 1992 eða í 22 ár. Hann sagði að sér fýndist gaman að sjá í dag krakka sem væru uppaldir í Hamri og væru komnir til Bandaríkjanna í nám á styrkjum. Einnig nefndi hann Ragnar Natanaelsson sem nú er atvinnumaður í Svíþjóð. „Að sjá

krakka sem hafa komist í landsliðið segir manni að það sé ekki allt vitlaust sem maður er að gera. Það eru 320 krakkar í grunnskólanum hér í Hveragerði og átta deildir og því mikið að gerast hérna í íþróttalífi. Þetta er ekki bara körfubolti sem betur fer. Stundum er þetta barningur um að fá krakka, en það er samt alveg sama hvaða íþrótt þeir stunda, bara ef þeir stunda íþróttir.“

Stuðningurinn mikilvægur

Lárus sagði að mikilvægt væri að koma því til skila að það væri ekki hægt að halda úti öflugum körfuboltastarfi ef félagið hefði ekki velviljaða einstaklinga og fyrirtæki í bænum sem stæðu á bak við þetta. Þá gætum við bara gleymt þessu. „Fólk hérna í bænum er búið að vera einstaklega velviljað í okkar garð og þess vegna gengur þetta. Ef maður fengi alltaf neikvæðni myndi maður sennilega bara bakka út úr þessu og leyfa öðrum að taka við. Það er kannski bæði styrkur og veikleiki deildarinnar að formaðurinn er búinn að sitja í 22 ár, en maður veit alla vega alveg út á hvað þetta gengur. Þetta er allt unnið í bullandi sjálfböðavinnu og vandamálið hér á Íslandi er að fólk endist svo stutt í þessu. Það kemur inn með látum og ætlar að gera einhverjar svakalegar rósir, svo gengur það ekki upp og þá er það horfið. Ég er svo lánsamur að við erum tveir, ég og Birgir S. Birgisson, sem erum búnir að vera ansi lengi í þessu. Restin af stjórninni sem byrjaði eru löngu hætt.“

Fer allt eftir gengi liðsins

„Ég lít almennt á körfuboltann jákvæðum augum. Fyrir lítil samfélög eins og Hveragerði er þetta virkilega góð íþrótt. Það þarf ekki það marga krakka til að stunda körfubolta. Maður lifir sig inn í þetta á hverjum einasta degi. Ég reyni að fara á flest alla leiki. Það hefur verið aðeins dapurt að fara á útileiki í vetur, en á heimaleikina fer ég flesta. Mætingin á þá er stígangi. Það fer allt eftir gengi liðsins. Um leið og fer að bjáta á þá tínist af, en um leið og vel gengur og umfjöllun eykst, þá eykst aðsóknin. Þetta er eilíf barátta um umfjöllun í blöðum. Maður er endalaust að reyna en þetta er eilíf barátta,“ sagði Lárus.

Gengi karlaliðs Hamars hefur verið gott í 1. deildinni í vetur og er liðið í hörku baráttu um að komast upp í úrvalsdeildina. Sagði Lárus að stefnan væri að fara beint upp. „Draumurinn er að bæði liðin okkar spili í efstu deild. Það yrði stór glæsilegt og kæmi bænum okkar rækilega á kortið.“

Viðtal: Örn Guðnason.



Kjöt & Kánst

...fyrir sælkera!

Hveragerði



VESTFIRSK SKÖTUVEISLA Á ÞORLÁKSMESSU

Glæsilegt hlaðborð af sjávarkonfekti

ALLAN DAGINN OG FRAM Á KVÖLD

Vel og meðalkæst skata, saltfiskur, fiskibollur, plockfiskur, djúpsteiktur fiskur og salat, hverabrauð, hamsatölg, hnoðmör, rófur, kartöflur og grænmeti. Ris á la mandl, brauðsúpa með rjóma, kaffi og terta.

Tilboð á sterkum og skoti.

Við komum þér í jólaskapið
Fagfólk að verki.
Sími 483 5010

Hugheilar jóla- og nýárskveðjur, Óli og Anna.





HOTEL RANGÁ

Luxury Resort & Dining

★★★★★

GREAT HOTELS OF THE WORLD LUXURY COLLECTION

Við óskum

Sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Mínum á gjafabréfin okkar - 10% afsláttur út desember
Verslun í heimabyggð

Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Okkar mesta hnossgæti:

TVÍREYKT OG TAÐREYKT

FJALLKONU-HANGILÆRI

20% AFSLÁTTUR TIL JÓLA

Þetta læri má hanga inni í buri og síðan laumast þú...
...og skerð þér sneið...og sneið...og sneið...



Fjallkonan sælkerahús
Austurvegi 21, Selfossi - Sími 482 2028



ÞÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG

VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA




Ventus K115




Kynergy




Dynapro



Deildjóræktun, Smurpónusta, Smáviðgerðir, Hjólstillingar, Bremsuklossar, Rúðupunktur, Rúðuvökvi, Rafgeymar, Peruskjötti

VAXTALAUSAR 12 mánaða AFBORGÁVIR

Nánari upplýsingar
www.solning.is

 **SÓLNING**
Renndu við

Smíðjuvegi 68-72, Rvk | Hjálbraut 4, Hlj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyravegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

Sendum Sunnlendingum bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Verslunin er opin öll kvöld til jóla,
til kl. 23:00 á Þorláksmessu og til hádegis á aðfangadag.
Lokað laugardaginn 27. desember.



Arvirkinn

www.arvirkinn.is · Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160



Sunnlendingar

Með því að versla í heimabyggð sköpum við
atvinnu í nærsamfélaginu og tryggjum
áframhaldandi góða þjónustu.

Jólagjafatilboð

Hið árlega jólagjafatilboð
Veiðisports er frá
1. – 23. desember.

15 – 25% afsláttur.

Flugustangarsettum
fylgir kastkennsla.

Munið gjafakortin.

Gleðileg jól
og fengsælt nýtt ár.
Þökkum liðið.



Veiðisport

Eyravegi 15 - Selfossi - sími 482 1506



Héraðssambandið Skarphéðinn
óskar Sunnlendingum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og þakkar
ánægjulegt samstarf á árinu.



Þökkum góða þátttöku í göngu-
verkefninu Fjölskyldan á fjallið.



Jólatónleikar í Selfosskirkju 19. des.

Föstudagskvöldið 19. desember kl. 20:00 bjóða Karlakór Selfoss og Skálholtskórinn, Selfossbúum og Sunnlendingum á ókeypis tónleika í Selfosskirkju.

Kórarnir munu flytja vandaða og fallega jólatónlist í hlýlegu umhverfi kirkjunnar við kertalýsingu. Tónleikarnir hefjast með söng Skálholtskórsins, undir stjórn Jóns Bjarnasonar, og svo mun sr. Þorvaldur Karl

Helgason flytja stutta hugvekj. Þá mun Karlakórinn, undir stjórn Lofts Erlingssonar og við undirleik Jóns Bjarnasonar, flytja sína dagskrá og endar á laginu fallega „Ó, helga nótt.“

Kórarnir vonast til að sem flestir gefi sér tíma til að koma í Selfosskirkju að kveldi föstudagsins 19. desember og eiga með þeim notalega og hátíðlega kvöldstund í amstri jólaundirbúningsins. VBr.

Heima er best

Frábært verð!

20% afsláttur

Sambands úrbeinað hangilæri
2398 kr. kg
verð áður 2998

Krönu hamborgarhryggur
1398 kr. kg

Hátíðarlambalæri a la orange, án mjaðmæis
1699 kr. kg

Holda kalkúnn, frosinn
1698 kr. kg

Emmess hátíðarís, 1,5 lítrar
939 kr. stk.

Jólabrauð, 540 g
498 kr. stk.

Rauð jólaeppli
519 kr. kg

Klementínur, 2,3 kg
849 kr. kassinn

Jóla Yrja, 150 g
429 kr. stk.

Jóla Brie, 250 g
699 kr. stk.

Nóa konfekt, 800 g
3999 kr. pk.

Egils malt og appelsín, 500 ml
199 kr. stk.

Nivea Gold Explosion sjámpó og næring
539 kr. stk.

Coke, Coke light eða Coke zero 4x2 lítrar og Freyju Hátíð bestu molarnir
1199 kr. tvennan

Opnunartími yfir jól og áramót

	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Vestmannaeyjar	11-22	9-16	LOKAB	12-22	9-16	LOKAB
Hella	10-21	9-13	LOKAB	12-16	9-14	LOKAB
Hvolsvöllur	10-21	9-13	LOKAB	12-16	9-14	LOKAB

Samstarf endurskoðað

Á samráðsfundi sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps, sem haldinn var 11. desember sl., var rætt um samstarf sveitarfélaganna. Í framhaldi þess var eftirfarandi bókun samþykkt:



samstarfið enn frekar báðum aðilum til hagsbóta.

Lagt er til að hvor sveitarstjórn tskipi þrjá menn í sérstaka viðræðunefnd sem fari yfir alla samstarfsfleti og komi fram með tillögur að endurnýjuðum samstarfssamningi. Stefna ber að því að tillögur liggi fyrir ekki síðar en 1. mars 2015.

Nú eru liðin ríflega 12 ár frá því að þrjú sveitarfélög af fjórum í vestanverðri Rangárvallasýslu sameinuðust í sveitarfélagið Rangárþing ytra. Hið nána samstarf sem áður var hefur haldið áfram milli Rangárþings ytra og Ásahrepps með margvíslegum samningum. Í líku samstarfi er mikilvægt að meta með ákveðnu millibili hvernig til hefur tekist og hvort eitthvað megi betur fara.

Á þessum tímapunkti hafa því sveitarstjórnir Rangárþings

ytra og Ásahrepps ákveðið að taka til endurskoðunar öll samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Flestir samstarfssamningar milli Rangárþings ytra og Ásahrepps eru frá því um sameiningu eða fyrir þann tíma og mikilvægt að taka þá til endurskoðunar í ljósi reynslunnar.

Markmið þessarar endurskoðunar er að meta árangur og gera þetta samstarf skýrara og árangursríkara. Eins er markmiðið að greina hvort færi séu til að efla og auka



6 dagar til jóla

Kjarval

16%
afsláttur

Latabæjarspilið, borðspil

4999 kr. pk.



DNA

4999 kr. stk.



Útkall örlagaskotið

4999 kr. stk.



Vísindabók Villa

3999 kr. stk.



Hekklélagið

4299 kr. stk.



Kamp Knox

4999 kr. stk.



Orðbragð

4299 kr. stk.



10 í pk.

23%
afslátturDuni veislukerti,
24 cm, rauð, 10 stk.499 kr. pk.
verð áður 64919%
afsláttur

Muller leiðiskerti

198 kr. stk.
verð áður 24520%
afsláttur

Banagrams

3119 kr. pk.
verð áður 3899

Opnunartími yfir jól og áramót



	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Vík	10-20	9-13	LOKAB	12-14	9-13	LOKAB
Klaustur	10-20	9-13	LOKAB	12-14	9-13	LOKAB
Þorlákshöfn	10-20	9-13	LOKAB	12-16	9-14	LOKAB

Skötuveisla
rauða hússins

23. desember, kl. 18:00

verð 3.200 kr á mann

borðapantanir: 483-3330

raudahusid@raudahusid.is

Björflóðið
dansleikur

27. desember, kl. 23:00

Björbandið spilar

létt hlaðborð fyrr um kvöldið

Gjafabréf
jólagnjöfin í árgefðu ógleymanlega kvöldstund
með gjafabréfi á Rauða Húsið
gjafabréfasími: 483-3333

rauða húsið

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
483-3330 • raudahusid.is
raudahusid@raudahusid.is

Jóladjasstónleikar í Tryggvaskála

Jóla kvartett Kristjónu Stefáns verður með sína árlegu jóladjasstónleika í Tryggvaskála á Selfossi laugardagskvöldið 20. desember. Jóladjassinn hefur um árabil verið partur af jólastemningu Sunnlendinga. Kvartettinn skipa þau Kristjana

Stefánsdóttir, söngur, Vignir Þór Stefánsson, píanó, Smári Kristjánsson, bassi og Gunnar Jónsson, trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og kostar aðeins 2000 kr. inn. Enginn posi verður á staðnum.

Jólatréssalan Snæfoksstöðum 2014



Opið: 20.-23. des.

Komið og höggvið ykkar eigin
jólafuru í jólaskóginum.

Opið kl. 11-16.

Einnig: Hoggin tré; fura og blágreni,
furugreinar og arinviður. Tröpputré.

Ketilkaffi á bálinu.

Skógræktarfélag Árnesinga
sími 864 1106.

www.skogarn.is



STÓRA ALIFUGLABÓKIN
ÚLFAR FINNBJÖRNSSON
4.999 KR



„hvíllkur fjársjóður
af uppskriftum“



Árni Matthíasson,
Morgunblaðið

SPENNANDI BÓKAJÓL



HANDAN MINNINGA
SALLY MAGNUSSON
2.799 KR



LEITIN AÐ GEISLASTEININUM
ÞÓRUNN STEINSDÓTTIR
1.749 KR



NÁLA —
RIDDARASAGA
2.449 KR



NENNI EKKI AÐ ELDA
GUÐRÚN VEIGA GUÐMUNDARDÓTTIR
3.499 KR



NIKKÝ OG BARÁTTAN
UM BERGMÁLISTRÉÐ
JULIUS BRJÁNSÓN
2.589 KR



PADDINGTON
BÍOSAGA
RANNEIG HAFSTEINSDÓTTIR
1.949 KR



SLAUFUR
RANNEIG HAFSTEINSDÓTTIR
2.999 KR



TVÖFALT ÞRJÓN
GUÐRÚN MARÍA GUÐMUNDSD.
3.899 KR



VAKANDI VERÖLD
MARGRÉT M. & RAKEL G.
3.899 KR

Jólin koma með Kjörís



Kjörís

**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og nýárskveðjur.**

www.fit.is

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA



Óskum Sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Hlökkum til ánægjulegra viðskipta á
komandi ári.

Krás
KJÖTVINNSLA
SELFOSI



Mín bernskujól

Ég var 7 ára þegar fjöl-
skyldan flutti að Suður-
Hvammi í Mýrdal. Við vorum
fjögur systkinin og oft lif og
fjör. Þar voru jölin alltaf með
hefðbundnu sniði, yndisleg og
mikið hátíðlegri en núna.
Undirbúningurinn var reyndar
svipaður, mamma bakaði
heilmikið, allt var gert hreint
og svo var gamla jólaskrautið
sótt upp á háaloft. Þá var samt
ekki skreytt fyrir en rétt fyrir jól,
22. des. og svo jólatréð alltaf á
Þorláksmessu. Við krakkarnir
skreyttum líka, bæði fjós og
fjárhús, útbjuggum stjórnur og
fleira og hengdum upp.

Á aðfangadag var farið
heldur fyrir í gegningar og
mjaltir svo allir væru komnir í
sparifötin klukkan sex. Skepn-
unum var gefið gott og vel

valið hey. Á aðfangadagskvöld
borðuðum við lambakótið með
með öllu tilheyrandi, malt og
appelsín drukkið með.

Eftir matinn var farið að
taka upp pakkana sem ég var
búin að þukla og reyna að
gegnumlýsa í marga daga. Þetta
var alltaf spennandi og
skemmtilegt. Síðan fannst mér
mjög hátíðlegt þegar við
settumst öll saman og pabbi
opnaði jólakortin og las þau
upphátt.

Á jóladag var svo hangikjöt
í matinn. Oftast var farið í
messu á jóladag í Reyniskirkju.
Líka var fastur liður að skreppa
um jölin að Kerlingardal til afa,
ömmu og frændfólksins þar.
Við spiluum heilmikið á spil,
reyndar var það nú flesta aðra
daga líka.



Margs er að minnast, eflaust
hægt að skrifa margar blað-
síður en ég lét þetta duga.

*Birna Viðardóttir,
Norður-Hvoli, Mýrdal*

Nýr klippubúnaður í Ölfus

Brunavarnir Árnassýslu hafa fengið nýjan
börgunarbúnað til að losa fólk úr bílum og
fleiri aðgerða. Um er að ræða Holmatro Core
búnað af nýjustu gerð. Búnaðurinn samanstendur
af klippum, glennara, tjakki, tveimur dælum,
slöngum, silsaklossa og kubbum. Tækin eru
sérstaklega sterk og ætluð m.a. til að ráða við
stór vinnutæki og þunga hluti. Nýja settið verður
staðsett í slökkvibílum í Þorlákshöfn og eru
slökkviliðsmenn þar þegar byrjaðir að æfa
meðferð á tækjunum. Með tilkomu þessara tækja
eykst til muna öryggi íbúa og vegfarenda í Ölfusi
og víðar. Ekki síst er verið að horfa til
umferðaraukningar um Suðurstrandarveg.



15%

KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR
TIL JÓLA!

MIKIÐ ÚRVAL AF FRÁBÆRUM
ÚTIVISTARFATNAÐI FRÁ ICEWEAR

ÞÍN ÚTIVÍST ÞÍN ÁNÆGJA



JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is



OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR



Vínbúðin Selfossi

Föstudagur	19. desember	11.00 - 19.00
Laugardagur	20. desember	11.00 - 16.00
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	11.00 - 19.00
Þriðjudagur	23. desember	10.00 - 22.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 13.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	11.00 - 16.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	11.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	11.00 - 20.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 14.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	11.00 - 19.00
Laugardagur	3. janúar	11.00 - 16.00
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðin Hveragerði

Föstudagur	19. desember	11.00 - 19.00
Laugardagur	20. desember	11.00 - 16.00
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	11.00 - 20.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 13.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	11.00 - 16.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	11.00 - 19.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 13.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	11.00 - 19.00
Laugardagur	3. janúar	11.00 - 16.00
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðin Flúðum

Föstudagur	19. desember	14.00 - 18.00
Laugardagur	20. desember	12.00 - 14.00
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	12.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	14.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	14.00 - 18.00
Laugardagur	3. janúar	12.00 - 14.00
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðirnar Helli og Hvolsvelli

Föstudagur	19. desember	14.00 - 19.00
Laugardagur	20. desember	11.00 - 14.00
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	12.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	11.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	14.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	12.00 - 19.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	14.00 - 19.00
Laugardagur	3. janúar	11.00 - 14.00
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. janúar	Talning, opið 16 - 18

Vínbúðirnar Klaustri, Vík og Þorlákshöfn

Föstudagur	19. desember	14.00 - 18.00
Laugardagur	20. desember	Lokað
Sunnudagur	21. desember	Lokað
Mánudagur	22. desember	14.00 - 18.00
Þriðjudagur	23. desember	14.00 - 19.00
Miðvikudagur	24. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	25. desember	Lokað
Föstudagur	26. desember	Lokað
Laugardagur	27. desember	12.00 - 14.00
Sunnudagur	28. desember	Lokað
Mánudagur	29. desember	17.00 - 18.00
Þriðjudagur	30. desember	14.00 - 18.00
Miðvikudagur	31. desember	10.00 - 12.00
Fimmtudagur	1. janúar	Lokað
Föstudagur	2. janúar	14.00 - 18.00
Laugardagur	3. janúar	Lokað
Sunnudagur	4. janúar	Lokað
Mánudagur	5. jan.	Lokað vegna talningar



Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

 VÍNBUÐIN



Ánægðir keppendur með verðlaun á júdómóti HSK.

Margar góðar viðureignir á júdómóti HSK

Þann 9. desember sl. fór yngri flokka mót HSK í júdo fram í íþróttahúsinu í gamla Sandvíkurskóla á Selfossi. Til leiks mættu 23 keppendur í tveim aldursflokkum, allir frá Umf. Selfoss. Þar tókust á ungir og efnilegir júdómenn og margar góðar viðureignir áttu sér stað og flott köst. Gaman var að sjá hvað margir foreldrar sáu sér fært að mæta og hvetja sína menn.

Úrslit urðu eftirfarandi:

- 32 kg flokkur 6-10 ára:
1. sæti Vésteinn Bjarnason,
2. sæti Filip Zafranowicz og 3. sæti Pálmi Ragnarsson.
-36 kg flokkur 6-10 ára:
1. sæti Alexander Kuc, 2.

sæti Oliver Tomcyk og 3. sæti Einar Magnússon.

-42 kg flokkur 6-10 ára:

1. sæti Arnar Arnarson, 2. sæti Eiríkur Leifsson og 3. sæti Garðar Arnarson.

-55 kg flokkur 6-10 ára:

1. sæti Filip Zoch, 2. sæti Böðvar Arnarson og 3. sæti Þórhallur Ívarsson.

-60 kg 11-14 ára:

1. sæti Hrafn Arnarson, 2. sæti Rúnar Baldursson og 3. sæti Sindri Kjartansson.

-73 kg 11-14 ára:

1. sæti Halldór Bjarnason og 2. Bjartþór Böðvarsson.

+81 kg 11-14 ára:

1. sæti Sigurður Fannar Hjaltason og 2. sæti Úlfur Böðvarsson. -bp/ög



Styrmir Dan Steinunnarson, Umf. Þór, á Íslandsmetin í hástökki 15 ára, bæði utanhúss og innanhúss.

Styrmir Dan bætti Íslandsmet sitt í hástökki 15 ára

Styrmir Dan Steinunnarson úr Umf. Þór Þorlákshöfn bætti um liðna helgi eigið Íslandsmet í hástökki innanhúss í aldursflokki 15 ára þegar hann stökk yfir 1,93 metra á adventumóti Ármanns. Eldra

Íslandsmet Styrmis innanhúss var 1,91 metri. Styrmir Dan á einnig Íslandsmetið í hástökki utanhúss sem hann bætti síðastliðið sumar þegar hann stökk 1,96 metra.

Sunnlendingar

Með því að versla í heimabyggð sköpum við atvinnu í nærsamfélaginu og tryggjum áframhaldandi góða þjónustu.

Bernskujólin mín



Í minningunni var alltaf snjór hér á Hvolsvelli í kringum jólin í götunni þar sem ég bjó og reyndar bý í dag. Þar var alltaf stór skafl og við krakkarnir gerðum þar snjóhús og lékum okkur alla daga. Heima hjá mér voru jólin alltaf í föstum skorðum. Í desember hefur til fjölda ára verið kveikt á ártali í Hvolsfjalli og hefur það í mínum huga alltaf verið upphafið af jólatímanum.

Jólatréð var alltaf skreytt á Þorláksmessukvöld og gjöfunum stungið undir tréð, aðfangadagur leið eins og heil mannsævi með mikilli eftirvæntingu og tilhlökkun. Jólaveinarnir komu fljótlega eftir hádegið með tilheyrandi látum og fjöri, en björgunarsveitin Dagrenning hér á Hvolsvelli hefur aðstoðað þá í áraraðir og við bræðurnir fengum pakka og þann pakka mátti alltaf opna þegar sveinkarnir voru farnir. Í framhaldi af því hófst

undirbúningurinn fyrir kvöldið stóra, allir fóru í bað og í sparifötin og svo var beðið eftir klukkunum í jólamessunni í útvarpinu og allir þurftu að vera tilbúnir til að taka á móti jólinum þá. Síðan borðuðum við hamborgarhrygginn, sem var og er alltaf besti maturinn sem maður fær yfir árið, enn þann dag í dag.

Í minni fjölskyldu eru nokkrir hrekkjalómar og man ég það vel að pabbi hafði það á orði eftir matinn að áður en farið yrði í að skoða gjafirnar þyrfti að vaska upp og svo fengi hann sér vindil. Eftir að jólagjafirnar höfðu verið tættar upp var farið í heimsókn til ömmu og afa hér á Hvolsvelli og jólakaffibúðingur snæddur í eftirrætt. Jóladaðarnir voru svo hefðbundnir einnig, en við fórum í jólaboð hjá ömmu og afa á Hellu á jóladag og svo aftur í jólaboð á Hvolsvelli á annan í jólum. Fridagarnir voru oft nýttir til að fara á fjöll, bæði



Sveinn ásamt eiginkonu sinni, Lilju Einarssdóttir.

á skíði og sleða. Eftir að ég stofnaði sjálfur fjölskyldu höfum við haft margar af þessum hefðum í hávegum, en síðir fjölskyldna okkar hjóna voru mjög líkir og höfum við reynt að blanda þeim saman, en í okkar huga er þessi tími ársins dýrmætastur fyrir samveru fjölskyldunnar við leik og slökun. Gleðileg jól.

Sveinn Kristján Rúnarsson, Hvolsvelli.

Jól bernsku minnar Söngur og kertaljós



Við sátum í eldhúsinu, sex börn í kringum eldhúsborðið og biðum eftir að mamma og pabbi væru tilbúin að leggja af stað í kirkjuna. Fyrir framan okkur voru mandarínur og smákökur sem við máttum borða eins mikið af og við vildum. Allir voru búnir að fara í sturtu og klæða sig í sitt finasta púss. Hefðbundnar stýmpingar undir borði og orðahnippingar viku fyrir eftirvæntingu og virðingu fyrir þeim hátíðarbrag sem við vissum að í vændum var.

Þegar foreldrar okkar voru tilbúnir, klæddum við okkur í útifötin, allir tróðust inn í bílinn og haldið var til Reykjavíkur þar sem mamma og pabbi sungu í dómkirkjukórnum. Kirkjan var troðfull en við mættum nógu snemma til að fá sæti nálægt kórnum sem var

uppi á lofti, fyrir aftan orgelið, aftast í kirkjunni. Messan fór yfirleitt fyrir ofan garð og neðan hjá okkur systkinum sem biðum spennst eftir að þetta tæki loks enda. Annars vorum við dugleg að taka undir í söngnum, enda öll búin að hljóta ágætis tónlistaruppeldi og sum okkar syngjandi í skólakórnum. Hápunkturinn var síðasta lagið, en þarna eins og í öðrum kirkjum landsins var endað á því að allir stóðu upp og sungu saman „Heims um ból“. Í síðasta erindinu var ýtt á „sparitakkann“ í orgelinu og þá hljómaði þéttur og fallegur bjölluhljómur í takt við hrynjanda lagsins. Við sungum öll svo undir tók í kirkjunni. Þannig var það allavega í minningunni. Þetta var svo hátíðlegt að oft á tíðum táraðist ég og fylltist djúpri hamingju-

tilfinningu. Í lok söngsins föðmuðum við hvert annað og hálfhvísuðum „gleðileg jól.“ Kirkjugestir og sérstaklega kórfélagar brostu hver til annars, kysstu á kinnar, föðmuðust og klöppuðu létt eða kannski þétt á axlir. Það er þessi stund og sú tilfinning sem bærðist í brjóstinu við að syngja við bjölluhljómið, umkringdur þeim sem maður elskar mest, sem stendur upp úr í huga mér þegar ég lít til baka. Maður var svo gagnstekinn hamingju og vellíðan. Ég vona svo sannarlega að börnin mín og börn almennt í dag upplifi einhverntíma svo magnaða tilfinningu.

Á leiðinni heim sungum við ýmis jólalög og mörg þeirra kunnum við í röddum. Þegar heim var komið, fórum við krakkarnir og pabbi inn í eldhús og fengum jólaöl og smákökur á meðan mamma undirbjó komu okkar inn í stofu eins og mamma hennar hafði undirbúið komu þeirra systra inn í jólstofuna á æskuheimili þeirra í Þýskalandi. Þegar við heyrðum hana syngja „Oh, kommet ihr Kinder...“, þá vissum við að komið væri að einum af hápunktum jólaanna. Við fylltumst lotningu, stóðum hægt upp og gengum rólega inn í stofuna um leið og við tókum undir sönginn. Í stofunni var búið að slökkva öll ljós og jólatréð með lifandi kertum kastaði mjúkri, notalegri birtu yfir skreytta stofuna. Þar sungum við fjölmörg jólalög áður en farið var að opna jólapakka.

Barbara Guðnadóttir, Þorlákshöfn



Mynd tekin jólin 2011 í Þorlákshöfn þar sem greinarhöfundur situr fremst hægra megin. Aðrir eru frá vinstri, Viggó Dýrfjörð, eiginmaður, Baldur, sonur, Guðni Guðjónsson, faðir, Barbara Stanzeit, móðir og Flóki, sonur. Myndina tók þriðji sonurinn, hann Sölvi.


Síminn

Fleiri frábærar
gjafahugmyndir
á siminn.is/jol

Heilt hlaðborð af jólagræjum



Fitbit Flex

14.990 kr.

Snjallarmband sem mælir skrefafjölda og hreyfingu auk þess að fylgjast með svefni. Armbandið nemur hve lengi þú ert að sofa og hvernig nóttin skiptist í djúp- og grunnsvefn.



Samsung Galaxy S4+

Einn skarpasti skjáinn í dótaskúffunni.

4.190 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur
Góður snjallpakki
í 6 mánuði.**

Staðgreitt: 69.990 kr.



Samsung Galaxy Alpha

Í glansandi spærifötum allt árið.

6.590 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur
Góður og Spotify
Premium á 0 kr.
í 6 mánuði.**

Staðgreitt: 109.990 kr.



**Sennheiser
Momentum On-Ear**

29.990 kr.

Þýsk hágæða heyrnartól þar sem hönnun og frábær hljómburður fara saman. Minni útgáfa af hinum rómuðu Momentum heyrnartólum. Litir: Rauður, svartur, brúnn.



LG L30

Einfaldur en eldklár fyrir litla stúfa.

890 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt:
19.990 kr.



Nokia Lumia 530

Einfaldar lífið þegar tóssalistinn lengist.

1.790 kr.



á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt:
19.990 kr.



Húsfyllir á tveimur sýningum

Föstudaginn 12. desember sl. setti fimleikadeild Umf. Stokkseyrar ásamt Barnakór Barnaskólans á Eyrbakka og Stokkseyri upp jólaeikrit byggt á söngleiknum Annie. Tvær sýningar voru haldnar og var húsfyllir á þeim báðum. Um 50 börn tóku þátt í sýningunni ásamt þjálfurum og kórstjóra. Hulda Kristín Kolbrúnardóttir söng einsöng og Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson fór með hlutverk sögumannsins. Gestaleikari var svo Hermundur Guðsteinsson sem sló svo rækilega í gegn sem vonda heimilisstyr, Fróken Hundasúra. Sýningarnar tókust mjög vel og glitti jafnvel í tár á hvarmi hjá allra hörðustu mönnum í áhorfendastúkunni, svo hjartnæm þótti sagan. Þetta var í fyrsta skipti sem fimleikadeildin og barnakórinn stilla saman strengi sína, og verður leikurinn klárlega endurtekinn að ári.



Markmiðið að auka velliðan sjúklinga og aðstandenda þeirra á HSu

Auður I. Ottesen, formaður samtakanna Umhverfi og velliðan, kom að opnun nýrrar göngudeildar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands með tvennum hætti. Fyrst sem sýningarstjóri Sunnlenska sveitadagsins, en þar lagði Guðbjörg Jónsdóttir þáverandi bóndi á Læk í Flóa til hvítan kálf sem var boðinn upp, en afrakstrinum af uppboðinu var ætlað að renna til góðs málefnis í minningu mannsins hennar Gauta Gunnarssonar sem lést úr krabbameini síðla árs 2013. Síðan fylgdi Auður verkefninu eftir sem formaður samtakanna Umhverfi og velliðan í samvinnu við ekkjuna sem var í mun að féð sem fékkst fyrir kálfinn á uppboðinu, ein milljón króna, yrði nýtt til að auka velliðan sjúklinga og aðstandenda þeirra á HSu.

Páll Lindal doktor í umhverfissálarfræði var fenginn til að koma með tillögur að hönnun deildarinnar sem skyldu stuðla að velliðan og gerðu umhverfi hennar vistlegt. Páll valdi dempaðan jarðarlit á veggina og lagði til að hægt væri að deyfja birtuna í meðferðarherberginu. Einnig að setja ljósmyndir á vegg og filmu með ljósmynd í glugga til að útiloka útsýni á bílastæði fyrir utan. Hann lagði jafnframt til að sett yrði skilrúm milli sjúklinga sem fallið var frá því þar sem í ljós kom að ekki mætti hindra sýn starfsmanna á sjúklingana. Í stað skilrúma var ákveðið að setja upp tjöld sem hægt væri að draga fyrir ef sjúklingar vildu vera í einrúmi. Auður kom með þá hugmynd að setja myndir á tjöldin sem varð.

Vísir af biðstofu er framan við deildina og er stólum raðað þar upp með borði á milli með þeim hætti sem rannsóknir hafa sýnt að eykur velliðan. Plöntur auka velliðan og er þeim komið fyrir á biðstofunni við hlið stólanna. Á móti stólunum eru

síðan ljósmyndir sem einnig eru valdar út frá niðurstöðum rannsókna, en niðurstöður sýna að landslagsmyndir án kennileita og náttúrumyndir eru vel til þess fallnar að auka velliðan. Auður valdi ljósmyndir sem henta verkefninu og síðan valdi starfsfólk deildarinnar og umsjónarmenn framkvæmdanna úr þeim myndum.

Auður vonast til að aðkoma sín og samtakanna Umhverfi og velliðan að verkefninu skapi umræðu um áhrif umhverfis á velliðan sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks og er það einlæg von hennar að það verði til eftirbreytni.

Eftirfarandi veittu verkefninu stuðning.

Umhverfi og velliðan, Auður I. Ottesen og Páll Lindal. Guðbjörg Jónsdóttir, hvatamaður að uppboði hvíta kálfsins og eftirfylgni. Páll Jökull Pétursson, gaf ljósmyndirnar sem prýða biðstofu á gangi við deildina og inni á henni. Blómaval sem gaf silkiplöntur sem prýða deildina. Sjafnarblóm, Kolbrún Markúsdóttir veitti ráðgjöf.

Eftirfarandi buðu í hvíta kálfinn á Sunnlenska sveitadeginum.

Jóna Marín Sveinbjörnsdóttir, Búnaðarfélag Íslands, Jötunn Vélar, Landssamtök sauðfjárbænda, Landssamband kúabænda og Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins.

Þá fór einnig fram uppboð í forlata grill sem Olís gaf til málefnsins á Sunnlenska sveitadeginum. Vélaverkstæði Þóris hreppti grillið á kr. 100.000. Þess ber að geta að Guðbjörg Marín Sveinbjörnsdóttir bauð hálfa milljón í hvíta kálfinn á uppboðinu og síðar gaf hún aðra hálfa til verkefnisins. Framlag hennar er lofsvert.

Ný göngudeild opnuð við Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Síðastliðinn föstudag var shaldið samsæti í tilefni af opnun nýrrar göngudeildar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem er nýjung í þjónustu við íbúa á Suðurlandi.

Í ávarpi sínu við opnunina sagði Herdis Gunnarsdóttir, forstjóri HSu, að með nýrri göngudeild skapaðist tækifæri til að veita sjúklingum heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og að fyrst um sinn yrði lögð áhersla á þjónustu við krabbameins-sjúklinga og nýrnasjúklinga. Hún sagði að þjónustan væri unnin í samvinnu við sérfræðinga bæði í hjúkrun og lækningum á Landspítala og að starfsfólk á heilbrigðisstofnuninni hefði hlotið tilskylda þjálfun til að veita örugga gæðapjónustu fyrir þessa hópa. Herdis sagði enn fremur að þessi áfangi væri að miklu leyti tilkominn vegna frumkvæðis sjúklinganna sjálfra, aðstandenda þeirra, heilbrigðisstarfsmanna og fyrrverandi forstjóra HSu. Einnig hefði HSu fengið nauðsynlegan stuðning frá heilbrigðisvirkum.

Til að geta hafið starfsemi sem þessa þarf margar fúsar hendur og sagði Herdis að þau hefðu sem endranær notið stuðnings fjölmargra einstaklinga, fyrirtækja og félagsamtaka. „Með stuðningi þeirra og góðvilja er mun auðveldara fyrir okkur að fara af stað með þessa þjónustu og búa starfsemi þeim tækjum og búnaði sem til þarf. Fyrir það erum við afar þakklát. Það er mikils virði að finna kraftinn og velviljann sem býr hér í samfélaginu.“



Herdis Gunnarsdóttir, forstjóri HSu, flytur ávarp við opnun nýrrar göngudeildar á HSu.

Herdis sagði að hún tryði því að þessi áfangi væri hluti af stærra verkefni sem biði starfsfólks á HSu við að skipuleggja og samþætta þjónustu í heimabyggð fyrir sjúklingahópa sem eru í mestri þörf fyrir að þiggja þjónustu. „Tækifærin eru ótal mörg og ég hlakka til áframhaldandi samstarfs og uppbyggingar. Við þurfum að nýta okkur þau sóknarfæri sem gefast við að skipuleggja nýjungar í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi,“ sagði Herdis.



Guðbjörg Jónsdóttir og Auður I. Ottesen.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Allt í og á jólapakkann



 Gefðu góðan ferðafélaga
Samsonite ferðatöskur



 Gefðu góðan grip
Umbra gjafavara



 Gefðu spennu og kátínu
Borðspil fyrir alla aldurshópa

20%
AFSLÁTTUR



 Gefðu gleðistundir
Skemmtilegt úrval af leikföngum



 Gefðu afþreyingu
Púsluspil af öllum stærðum

30%
AFSLÁTTUR



 Gefðu traustan skólafélaga
Explore skólatöskur

30%
AFSLÁTTUR



 Gefðu fjör og fróðleik
Jólabækurnar

20%
AFSLÁTTUR



 Og ef þú ert jólasveinn
Þá erum við skóubúðin. Verð frá 49 kr.

Á jólapakkann

Þú færð líka pappírinn, merkimiðana
og pakkaskrautið hjá okkur

*20% afsláttur af öllum jólabókum.
Tilboðin gilda 18.–21. desember 2014.



markhönnun ehf

STJÖRNU GRIS

Sænsk Skinka

Framleitt úr 1. flokks íslensku gríshjötö

Ofnsteikt skinka:
Látið skinkuna í kalt vatn. Reiknið með að hún liggi í vatni í ca. 1 klst.pr.kg. Látið síðan skinkuna á risti í ofninum með ofnskúffu undir (2-3 dl af vatni í skúffu). 177°C í 45 mín.pr.kg. Kjarnhiti skal verða 65°C.

Pensuð jóla skinka
(Glassering)
1 stk. köld, soðin eða ofnsteikt. Léttsoðu skinka, 1 dl. dökkur púðursykur, 3 msk. hunang, safi úr 1-2 appelsinum. Snyrtið skinkuna og leggið í ofnskúffu eða eldfast fat, og skerið ysta fitulagið í tígla, ca. ½ cm djúpt. Setjið negulnagla í hvern kross. Sjóðið hunang, púðursykur og appelsinsafa í nokkrar mínútur og hellið 1/3 af því yfir skinkuna. Setjið steikina í heitan (200-225°C) ofnin og eftir ca. 10 mínútur hellið þá aftur 1/3 af leginum yfir kjötö. Eftir 5-10 mínútur til viðbótar hellist restin af leginum yfir. Skinkan er tilbúin þegar hún er orðin gulbrún og glansandi.

www.svinvirkar.is



Kalkúnn franskur
1.298 kr | 23%

999 kr/kg

HÁTÍÐA
FUGLINN

TÖFRAR JÓLANNA BYRJA Í NETTÓ

Vertu viss um að
það standi **YOUNG**
á rjúpunni þinni.
Það tryggir þér
yngri fugl!

Rjúpa skosk
350-400g

1.398
kr/stk



Kjötsel
Urbeinað hangilæri

3.995 kr | 35%

2.597 kr/kg

35%
afsláttur

2

ANNÐ SÆTI | Bragðkönnun DV

Kjötsel
Hamborgarhryggur
m/beini

1.998 kr | 40%

1.199 kr/kg

40%
afsláttur

HANGIKJÖT & HAMBORGARHRYGGUR

KONFEKTID



Önd heil
1.738 kr | 23%

1.391
kr/kg



VILLIBRÁÐIN



GÆSABRINGUR

2.998
kr/kg

Andaleggur
m/læri

1.989 kr | 25%

1.492
kr/kg



www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

JÓLA OPNUN

Akureyri Borgarnes Egilsstaðir Grindavík Hverafold Höfn Kópavogur Reykjanesbær Selfoss	18.-22. desember — 10-22	23. Þorláksmessa — 10-23	24. Aðfangadag — 10-13	25. jóladað — lokað	26. annan — lokað	30. desember — 10-22	31. gamlárs — 10-15	1. janúar — lokað
Grandi Mjódd	opið 24t	opið 24t	opið til 13	lokað	opið frá 10	opið 24t	opið til 15	lokað

aðra daga gildir venjuleg opnun | nánar á netto.is

Roses/
Heroes dós
1.998
kr/pk

Bob's Sweet
jólabrjóstsýkur
1.999
kr/askjan

Purely the Purple One
áður 1.399 kr
999
kr/stk

Mackintosh 1,3 kg
2.498
kr/stk

BÓK A K Y N N I N G A R

Laugardagur 20. des | Nettó - Akureyri kl 15-17
Guðrún Veiga - Nenni ekki að elda

Sunnudagur 21. des | Nettó - Mjódd kl 14-16
Úlfar - Stóra alifuglabókin

Mánudagur 22. des | Nettó - Egilsstaðir kl 16-18
Guðrún Veiga - Nenni ekki að elda




FYRIR
JÓLASVEINA

BÆKUR

30%
afsláttur

Dádýralundir
6.989 kr | 30%
4.892
kr/kg



Tilboðin gilda 18. - 21. des 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Jólasaga

Það er aðfangadagur í sveit á Norðurlandi árið 1960. Það er komið hádegi. Úti er hrið, hvasst og kalt. Inni er hlýtt og notalegt. Útveggirnir á bænum eru byggðir úr torfi, en innréttadur með timbri.

Inni í baðstofunni logar glatt í kolaofni. Yngsti meðlimurinn á bænum, 6 ára snáði, er að horfa á systkini sín skreyta jólatréð. Úr augum hans skín eftirvænting og gleði. Pabbinn og mamman eru úti að sinna skepnunum. Hænunum, kindunum og kúnum. Gefa þeim jólakornið og jólaheyið.

Jólatréð sem systkinin eru að skreyta er smíðað úr tré. Pabbinn tálgaði það með hnífnum sínum. Tréð er 150 cm á hæð. Á endanum á greinunum eru kertastjakar.

Snáðinn 6 ára fylgist vel með þegar jólatréð er skreytt. Á greinarnar sem eru úr tré, setja þau hvíta bómull sem lítur alveg eins út og snjór. Til þess að láta snjóinn glitra, klippa þau niður silfurlituð bréf utan af karamellum sem þau hafa safnað á síðustu jolum. Síðan setja þau rauð snúin kerti í kertastjakana sem eru á endanum á greinunum.

Drengurinn veit að jólnin eru hátíð. Hátíð þegar hann fær að fara í finu fötin sín, sem mamma er búin að sauma á hann. Hátíð þegar allir borða saman í baðstofunni, borða hangikjöt sem pabbi hefur reykt í reykingarkofanum sínum. Kjöt sem hann valdi sjálfur af lömbunum sem hann slátraði heima.

Borða svo á eftir góða sveskjugrautinn hennar mömmu sem er búinn að vera á jölunum hjá henni, síðan hún man eftir sér.

Síðan þegar maturinn er aðeins farinn að sjatna, þá kemur pabbi með eitt epli handa hverjum. Epli eru aldrei á borðum nema um jólnin. Og pabbi og mamma geta ekki keypt nema einn kassa af eplum. Þau er nefnilega skömmuð.

Þegar búið er að njóta eplanna, þá kemur pabbi með það sem litli snáðinn bíður eftir. Hálfbróðir hans pabba er í siglingum á farskipi og sendir jólapakkanum gómsætt Mackintosh. Þegar hann réttir járnþósina að litla snáðanum, þá ljóma augu hans. Hann tekur eitt stykki, tekur utan af því, og stingur upp í sig. Andlitið verður eitt bros. Það er bara á jölunum sem hann fær svona.

Systkinin eru búin að skreyta tréð. Litli snáðinn trítar af stað fram bæjargöngin. Hann finnur allt í einu góða lykt. Já, alveg rétt, hún amma er að sjóða hangikjötið. Hann labbar inn í eldhúsið. Þar stendur hún amma við eldavélina og er að kíkja ofan í pott. Í pottinum er jólahangikjötið að sjóða. Þvílíkur ilmur. Eldavélin er gaseldavél sem pabbi keypti í fyrra.

Kötturinn Snælda kemur undan eldavélinni, mjálmar og strýkur sér utan í drenginn.



– Amma, má ég fá smá bita af kjöti til að gefa Snældu í jólagjöf? Amma hættir að fylgjast með hangikjötinu í pottinum og lítur á drenginn. – Já, það máttu, elsku ljósið mitt.

Nær í bita úr pottinum og lætur á disk til að kólna.

Þegar kjötið er orðið þokkalega kalt, tekur drengurinn diskinn og setur undir eldavélina.

Og segir: – Hérna er jólagjöfin þín, Snælda mín. Snælda kemur, nuddar sér utan í hann, malar og fer undir eldavélina, byrjar að gæða sér á hangikjötinu.

Drengurinn brosir og ljómar allur í framan. Nú er hann búinn að gleðja hana Snældu á jölunum. Dýrin þurfa líka góðan mat á jólahátíðinni.

Pabbi og mamma eru að koma inn. Klukkan er hálf fimm. Það er að stytast í það að jólnin gangi í garð.

Nú fara allir að þvo sér og snyrta eins og hægt er. Fara í sparifötin til þess að vera tilbúin að taka á móti jölunum þegar þau ganga í garð.

Klukkan 6:00 óska allir hver öðrum gleðilegra jóla og síðan er sest niður við stóra borðið inni í baðstofunni.

Litli snáðinn er spenntur, reynir samt að borða og njóta jólamatarins. Þegar búið er að borða, fá sér epli og nammið frá frænda, þá á nefnilega að opna jólapakkana. – Hvernig ætli henni Snældu líði núna, hugsaði hann allt í einu. – Er hún búin að borða jólamatinn sinn. Stóð upp frá matarborðinu og labbaði fram göngin og inn í eldhús. Viti menn, hún Snælda var búin með allt kjötið. Sat fyrir framan eldavélina og malaði.

– Elsku Snælda mín, hvernig fannst þér jólamaturinn?

Mjá, mjá, svaraði Snælda og strauk sér utan í drenginn.

Snáðinn brosti, hann var búinn að gleðja hana Snældu.

Labbaði til baka inn bæjargöngin og inn í baðstofuna. Það er örugglega farið að stytast í það að hún mamma fari að lesa á jólapakkana.

Inni í baðstofunni logar á kertunum á jólatrénu. Logarnir mynda skemmtilega birtu í baðstofunni. Í loftinu logar á gasljósi. Það logar glatt í kolaofninum og það er notalegt.

Allir eru brosandir. Það er hátíð frelsarans. Jólnin. Það sem mestu máli skiptir er að öllum

líði vel og séu glaðir og kátir. Í baðstofunni eru allir brosandir og í sínum bestu fötum. Þessi fjölskylda gleðst saman á jölunum þó að þröngt sé í búi. Það er talað saman og bragðað á namminu frá útlöndum. Horft á fallegu kertaljósin á jólatrénu. Jólagjafirnar eru ekki aðalatriði, en samt örlar á smá óróleika hjá yngsta fjölskyldumeðliminum.

Þó að hann sé ungur þá veit hann að gjafirnar eru ekki aðalatriðið á jölunum, heldur að halda upp á fæðingu Jesú Krists og gleðjast öll saman.

Hann gengur til mömmu sinnar og spyr. – Má ég fá annan sælgætismola?

– Já, drengurinn minn, svaraði mamma. Snáðinn velur sér mola og stingur upp í sig og gjóar augunum á jólapakkana sem eru á borði í einu horni baðstofunnar.

Jæja, segir mamma og ris á fætur og segir: – Eigum við ekki að kíkja á jólapakkana, og gengur að borðinu um leið.

Mamma les á miðana, hver eigi þá og færir síðan hverjum og einum sína pakka. Snáðinn verður spenntur þegar hún setur stóran pakka á borðið fyrir framan hann. – Hvað skyldi nú vera í þessum pakka, hugsar hann. Byrjar að taka pappirinn utan af honum.

Þegar hann sér hvað er í honum verður hann eitt bros í framan. Þetta er blái kranabílinn sem hann var búinn að horfa svo mikið á í búðarglugganum hjá KEA þegar hann fékk að fara til Akureyrar með pabba og mömmu fyrir jólnin.

Höfundur:

Jóhann Tr. Sigurðsson.
(Snáðinn 6 ára er höfundur sögunnar).



Afsmæli

Kæru vinir

Þann 1. og 3. janúar verðum við 50 ára og af því tilefni tökum við fjölskyldan á móti gestum laugardaginn 3. janúar kl. 20 í Hvíta húsinu á Selfossi.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Ingunn Gunnarsdóttir og Ari Björn Thorarensen



Auglýst eftir nýjum framkvæmdastjóra Kötlu jarðvangs

Katla jarðvangur hefur auglýst starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Jarðvangurinn nær yfir Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp, og er gert ráð fyrir að starfsstöð og búseta framkvæmdastjórans verði í einhverju sveitarfélaganna þriggja. Um fullt starf

er að ræða. Umsóknarfrestur er til 29. desember 2014.

Nánari upplýsingar veita Ásgeir Magnússon (sveitarstjori@vik.is, sími 487 1210) og Sigurður Sigursveinsson (sigurdur@hfsu.is, sími 560 2040). Auk þess er bent á www.katlageopark.is.



Sendum félagsmönnum okkar og Sunnlendingum
öllum bestu óskir um gleðileg jól,
frið og farsæld á komandi ári.
Þ jónustuskrifstofa stéttarfélaganna á Suðurlandi.






ALLT TIL
JÓLANNA

HANGILAERI

UNG
RJÓPU
BRINGUR
skoskar-4stk

MEÐLAETIÐ



BAYONNE
SKINKA

HAMBORGAR
HRYGGUR



Opnunartími um jólin

	21.des	22.des	23. des	24. des	25. des	26. des	27.-30. des	31. des	1.jan	2.jan
Akureyri	13-19		10-22	10-13		lokað		10-13		
Blönduós	10-18		10-22	10-13		lokað		10-13		
Bolungarvík	12-18		10-22	10-12		lokað		10-12		
Dalvík	10-18		10-22	10-13		lokað		10-12		
Grundarfjörður	hefðb.opn.	Hefð-	9-22	10-13		14-18	Hefð-	10-13		Hefð-
Hafnarfjörður	hefðb.opn.	bundin	hefðb.opn.	10-14	Allar	lokað	bundin	10-14	Allar	bundin
Húsavík	hefðb.opn.	opnun	10-22	10-13	verslanir	lokað	opnun	10-13	verslanir	opnun
Ísafjörður	hefðb.opn.	í öllum	10-23	10-13	lokaðar	lokað	í öllum	10-14	lokaðar	í öllum
Neskaupsstaður	hefðb.opn.	versl-	10-22	10-13	nema	lokað	verslu-	10-13	nema	verslu-
Ólafsfjörður	11-18	unum	10-22	10-13		lokað	num	10-12		num
Selfoss	hefðb.opn.		hefðb.opn.	8-16	11-17	10-20		8-16	11-17	
Siglufjörður	11-19		10-22	10-13		lokað		10-13		
Skagaströnd	hefðb.opn.		10-20	10-12		lokað		10-12		

Samkaup úrval

www.Samkaupurval.is

Akureyri · Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík
Ísafjörður · Neskaupsstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagaströnd

Opnunartími til jóla

Virka daga kl. 9-18
laugardag 20. des. kl. 10-16

sunnudag 21. des. lokað
Þorláksmessa 23. des. kl. 9-18

**Kæst og
söltuð skata**

**Kæst
skata**

**Alvöru flatur
saltfiskur**

**Siginn
fiskur**
frá Drangnesi

**Súr
hvalur**

**Harð-
fiskur**

**FISKBÚÐ
SUÐURLANDS**

Eyravegi 59, Selfossi - Sími 482 2509

HIN RÓMAÐA SKÖTUVÉISLA HÓTEL SELFOSS VERÐUR Á ÞORLÁKSMESSU KL. 12

Skata á milli
kl. 12 og 14
23. desember

Verð: 3000 kr. fyrir fullorðna
1.200 kr. fyrir 6-14 ára.

Ásamt skötunni verður boðið
uppá saltfisk, soðinn fisk,
plockfisk og hákarl.

Borðapantanir í s. 480 2500
eða info@hotelsselfoss.is

Ölfus fyrst sveitarfélaga til að framkvæma rafræna íbúakosningu

Heimild í lögum til rafræna
íbúakosninga í umsjá
Þjóðskrár Íslands

Með breytingum sem gerðar voru á sveitarstjórnarlögum í júní 2013 var greitt fyrir því að hægt yrði að halda rafrænar íbúakosningar í sveitarfélögum. Í bráðabirgðaákvæði sem sett var við sveitarstjórnarlögin segir m.a.: „Í þeim tilgangi að styðja við framkvæmd rafræns lýðræðis í sveitarfélögum getur ráðherra heimilað, að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar, að íbúakosning á grundvelli X. kafla sveitarstjórnarlaga fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn.“

Þjóðskrá Íslands fékk það hlutverk að velja og reka kosningakerfi í þessum tilgangi og kynntu starfsmenn stofnunarinnar sér stöðu rafræna kosninga hjá nokkrum þjóðum sem hafa getið sér gott orð á því sviði. Fljótt kom í ljós að Norðmenn eru í fremstu röð í þessum efnum og höfðu verið í samstarfi við spænska fyrirtækið Scytel sem er leiðandi á þessu sviði í heiminum. Í ljósi jákvæðrar reynslu Norðmanna af kerfinu var ákveðið að leita eftir samstarfi við spænska fyrirtækið og í lok árs 2013 var gengið frá samningi um aðlögun og afnot Þjóðskrár Íslands af kosningakerfi Scytel auk framkvæmdar tvennra íbúakosninga í tilraunaskyni. Tvö íslensk sveitarfélög fá tækifæri til að taka þátt í þessum tilraunakosningum án þess að kostnaður falli á þau vegna kosningakerfisins eða aðkomu sérfræðinga Þjóðskrár Íslands að verkefninu.

Mjög líklegt er að verkefnið muni vekja athygli, jafnvel út fyrir landsteinana, þar sem eingöngu er um rafræna kosningu að ræða sem byggir á almennri kosningalöggjöf. Slik rafræn íbúakosning hefur aldrei farið fram á Íslandi.

Sveitarfélagið Ölfus fyrst allra og unga fólkið tekur þátt

Sveitarfélagið Ölfus mun fyrst sveitarfélaga á Íslandi framkvæma slíka kosningu en innanríkisráðuneytið hefur staðfest beiðni sveitarfélagsins um þátttöku í þessu tilrauna-verkefni Þjóðskrár. Kannaður verður vilji íbúa til sameiningar sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög en þessu til viðbótar verður spurt um fleiri samfélagsleg atriði sem enn á eftir að móta.

Bæjarstjórn hefur tekið skrefið enn lengra og ákveðið að óska eftir því að kosninga-aldur í þessari kosningu verði færður niður í 16 ár skv. heimild í áður nefndu bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga. Það eru fjölmargar forsendur sem styðja það að færa kosningaaldurinn niður í



16 ár í slíkri kosningu en þeir sem eru á þessum aldri nú fá að kjósa í næstu áætluðu alþingis- og sveitarstjórnarkosningum og svo er þetta verðug viðurkenning fyrir unga fólkið í Sveitarfélaginu Ölfusi sem stendur sig ákaflega vel og hefur margt uppbyggjandi til samfélagsins að leggja.

Kveikjan að samstarfi við Þjóðskrár Íslands

Samhliða sveitarstjórnarkosningum á síðastliðnu vori fór fram í Hveragerðisbæ ráðgefandi skoðanakönnun um sameiningarmál. Niðurstaða þessarar skoðanakönnunar var sú að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem voru fylgjandi sameiningu Hveragerðis við annað sveitarfélag valdi sameiningu Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar sendi í framhaldinu erindi til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss með ósk um viðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna tveggja.

Eftir viðræður við fulltrúa Hveragerðisbæjar ákvað bæjarstjórn Ölfuss á fundi 6. nóvember 2014 að fela bæjarstjóra að óska eftir þátttöku Sveitarfélagsins Ölfuss í tilraunaverkefni Þjóðskrár með rafrænar íbúakosningar, þar sem kannaður yrði m.a. vilji íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss til sameiningar sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri. Niðurstöðurnar verði ráðgefandi fyrir bæjarstjórn við frekari umfjöllun um málið.

Kosningin fer fram á fyrri hluta árs 2015

Stefnt er að því að kosningin fari fram í mars árið 2015 en nákvæm dagsetning verður ákveðin þegar sér fyrir endann á undirbúningi. Almenn er mikilvægt að spurningar í kosningum séu vel mótaðar en hér þarf einnig að huga að mótun ferla og verklags og að ýmsum hagnýtum atriðum. Þegar undirbúningi er lokið verður að auglýsa kosninguna með fjögurra vikna fyrirvara en kosning mun standa yfir í að lágmarki fjóra sólarhringa og að hámarki 10 sólarhringa.

Þetta verkefni er ákaflega spennandi og verður fróðlegt að sjá hvernig til tekst með framkvæmd þess.

Gunnsteinn R. Ómarsson,
sveitarstjóri Ölfuss.

Getur þú hugsað þér
daglegt líf án rafmagns?



Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni sem fylgir hækkandi sól. Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og sendum bestu óskir um gleðileg jól og heillarríkt komandi ár.



Gleðilega hátíð

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra
jóla og gæfuríks komandi árs.

Starfsfólk Íslandsbanka Selfossi



Auglýsing

Um tillögu að deiliskipulagi Grænumarkar 1-5 og Austurvegar 51-59 Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Grænumarkar 1-5 og Austurvegar 51- 59 Selfossi.

Lóðirnar Austurvegur 51-59 verða sameinaðar í tvær lóðir annars vegar Austurvegur 51-53 og Austurvegur 55-59. Spilda milli lóðanna og Austurvegar verður sameinuð lóðunum.

Á nýju sameinuðu lóðunum, er gert ráð fyrir tveimur stakstæðum nýjum íbúðabyggingum sem hugsanlega verða tengdar saman með tengibrú á 2. hæð. Byggingarnar verða 3 hæðir, auk kjallara. Ef þurfa þykir verður bílajakallari sunnan við vestara húsið og lóð þess ofan á honum. Aðkoma að lóðinni Austurvegur 51-53 verður frá Austurvegi, en frá Heiðmörk að lóðinni Austurvegur 55-59 og hugsanlegum bílajakallara.

Gert er ráð fyrir því að nýtingarhlutfall lóðanna verði 0,9. Hluti vestari nýbyggingar þ.e. jarðhæð og kjallari verður nýtt sem þjónusta fyrir aldraða, samtengd þjónustumiðstöð aldraða við Grænumörk 5 með einnar hæðar tengibyggingu.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 18. desember 2014 til og með fimmtudeginum 29. janúar 2015. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 29. janúar 2015, og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is.

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi

Jólamarkaður í Orgelsmiðjunni við bryggjuna á Stokkseyri

Jólamarkaðurinn á Stokkseyri hefur fengið mjög góðar viðtökur síðustu tvær helgar, því var ákveðið að bæta einni helgi við. Jólamarkaðurinn verður opinn laugardag og sunnudag 20. og 21. desember kl. 14:00-18:00. Stefnt er að notalegrri stemningu. Ekki er vítað hvort lifandi tónlist verður í boði að þessu sinni en hafi einhver áhuga á að koma og flytja tónlist

þá er velkomið að hafa samband (orgel@simnet.is).

Vöruúrvalið verður vandað handverk úr verkstæði Orgelsmiðjunnar, vörur úr nágreinninu svo sem Stokkseyrarhunang, jólamöndlur, sultur og te, jólastjórnur frá Þýskalandi, smádrót frá Pakistan og gjafir fyrir tónlistarelskendur. Látið koma ykkur á óvart og verið hjartanlega velkomin.



Ungmennaping Árborgar

Þann 20. nóvember síðastliðinn var haldið ungmennaping á vegum ungmennaráðs Árborgar. Þar komu saman ungmenni úr Árborg og ræddu ýmis málefni.

Ungmennin sem mættu á ungmennapingið voru sammála um að bæta þyrfti menningar-mál innan Árborgar. Þeim fannst vanta fleiri söfn á Selfoss, t.d. mjólkuriðnaðarsafn. Ungmenninum fannst að bæta þyrfti miðbæjargarðinn sem er hálf tómlegur. Ungmennin komu með þá tillögu að setja upp almennilegan og flottan leikvöll í miðbæjargarðinum ásamt annarri afþreyingu t.d. væri hægt að setja upp svokallað frísbíggjolf.

Einnig fannst ungmenninum að auka þyrfti aðsókn í Pakkhúsið, ungmennahús Árborgar. Pakkhúsið er frábær staður til að hitta vini sína og félaga en það þyrfti að kynna Pakkhúsið betur. Alltof fáir unglingar vita af því og hægt væri að bæta úr því t.d. með því að fara í lífsleikni ferð í Pakkhúsið.

Mikið var rætt um íþróttir og tómstundir. Ungmennin komu með þá hugmynd að hafa opna tíma sem allir gætu mætt í og þar af leiðandi prufað ýmsar íþróttir. Einnig fannst þeim vanta inniaðstöðu fyrir fótboltann, en að sjálfsögðu þarf einnig að huga betur að „litlu“ íþróttunum sem eiga það til að gleymast.



Ungmennin komu með þá tillögu að það væri aðeins eitt gjald og hægt væri að mæta á hvaða æfingu sem er. Það þyrfti að vera mun ódýrara að stunda íþróttir og tómstundir.

Í umræðum um samgöngumál var aðallega talað um strætó og kom margt í ljós sem má bæta. Eitt af því tengist leiðum strætó. Lagt var til að leið 51, sem fer um Selfoss og svo í bæinn, fari einu hringtorgi lengra. Núna snýr strætó við hjá hringtorginu við FSu, en það myndi bæta mikið fyrir fólk frá Sunnulækjasvæðinu að hann færi á næsta hringtorg. Leið 75 var líka nefnd. Fyrir þá sem ekki vita fer þessi leið bara um Árborg. Vandamálið við þessa leið er að engin ferð er á milli kl. 8 og 13 en eftir hádegi eru þær mjög reglulegar. Spurningin var svo hvort ekki

væri hægt að dreifa ferðunum meira yfir daginn. Ungmennin nefndu hinsvegar að það að strætó fari núna á laugardögum sé mjög jákvætt og þakka sveitarstjórninni kærlega fyrir þá breytingu.

Eitt af því sem mest var rætt um voru strætóskýlin í Árborg. Mesta nauðsyn væri við Fjölbautaskólann, því þar er oft mjög stór hópur ungmenna alltaf í lok skóladags, oft í mjög slæmu veðri og ekkert skýli er á Stokkseyri, sem mætti alveg bæta. Hegðun strætóbílstjóranna við farþega var líka rædd. Þeir eru mjög oft ókurteisir og láta það bitna á farþegunum. Margir hafa hætt að nota strætó



vegna þess. Er þetta ekki eitthvað sem hægt er að breyta?

Ungmenninum finnst einnig þurfa að bæta gangstéttir, kanta og gangbrautir í Árborg. Margir gangstéttarkantar eru stórhættulegir. Til að mynda eru gangstéttir á Stokkseyri hræðilegar. Einnig mætti hafa

þá myndu líklega annað hvort dagarnir lengjast eða frín stytast. Það myndi líklega bitna á nemendum og auka falltíðni.

Þegar ungmenni voru spurð um þeirra skoðun á kosninga-alldri í núverandi mynd komu upp mjög misjöfn svör. Mörgum fannst kosningaaldur eiga að vera eins og hann er, 18 ára, bæði í sveitarstjórnar- og alþingiskosningum en öðrum fannst góð hugmynd að halda 18 ára alldri í alþingiskosningum en lækka hann í 16 ár í sveitarstjórnarkosningum. Sterkustu rökin fyrir lækkan á kosningaaldri voru meðal annars að áhugi á stjórnmálum myndu aukast og að ungmenni

gætu þar með líka kosið um málefni sem þau varðar, þar sem þau eru stór hópur innan sveitarfélaga. Margir töluðu einnig um að þetta yrði góður undirbúningur fyrir Alþingis kosningarnar. Í sambandi við það var rætt um að auka þyrfti kennslu og námskeið í eldri bekkjum grunnskóla til þess að auka áhuga ungmenna á stjórnmálum og fræða þau um flokkana og mikilvægu hlutina sem nú þegar ættu að vera meira kenndir. Mótrök voru t.d. að 16 ára unglingar væru of áhrifagjarnir og ekki nógu þroskaðir til að mynda sína eigin skoðun. Það yrði góður grundvöllur ef ætti að lækka kosningaaldur.

Eins og sjá má hafa ungmenni í sveitarfélaginu Árborg miklar og misjafnar skoðanir á málefnum sem þau varðar. Ungmennaping Árborgar hefur sjaldan heppnast jafn vel og það gerði nú og metaðsókn var á þingið, allir eiga að fá að segja sína skoðun og þingið er frábær vettvangur fyrir það. Ungmennaráð Árborgar þakkar öllum þeim sem mættu fyrir komuna og vonar að enn fleiri láti heyra í sér þegar næsta ungmennaping verður haldið í vor.

Fyrir hönd ungmennaráðs,
Ólöf Eir, Andrea Lind,
Hrefna Björg, Ragnheiður Inga,
Theodóra, Hulda Kristín og
Steinþóra Jóna

göngu- og hjóleiðavegi malbikaða og drífa í að klára göngustíg milli Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss!

Menntunarmál voru líka mikið rædd. Ungmennin töluðu t.d. um hve margir í grunnskólum taka fjarnám í framhaldsskólum. Í Vallaskóla er hægt að taka 103 áfanga í ensku, íslensku og stærðfræði ef krakkarnir hafa 8,0 eða yfir í meðaleinkunn í þessum fögum. Flýtir það þá fyrir framhaldsskólanum og þau fara í 203 í framhaldsskóla. Ungmenninn töldu það vera mikil hvatning. En svo kom þessi spurning; af hverju að stytta framhaldsskólann þegar þau eru oftast bestu ár lífs manns? Ef stytta ætti framhaldsskóla þyrfti annað hvort að þjappa náminu saman í grunnskóla eða framhaldsskóla.



Opnunartímar

hjá okkur um jól og áramót

Fimmtudagurinn 18. des. til kl. 21

Föstudagurinn 19. des. til kl. 21

Laugardagurinn 20. des. til kl. 21

Sunnudagurinn 21. des. til kl. 21

Mánudagurinn 22. des. til kl. 21

Þorláksmessa 23. des. til kl. 23

Aðfangadagur 24. des. til kl. 12

Lokað 25. - 28. des.

Mánudagur – þriðjudagur eins og venjulega

Gamlársdagur 31. des. til kl. 12

galleri OZONE

Austurvegi 35, Selfossi
Sími 534 8040



Karl úrsmiður
Selfossi

Austurvegi 11, Selfossi
Sími 482 1433

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29, Selfossi
Sími 482 1800



Eyravegi 32, Selfossi
Sími 482 1160



Austurvegi 21, Selfossi
Sími 482 2028

Motivo
Hönnun, tíska og gífaðvara

Austurvegi 9, Selfossi
Sími 482 1700



Austurvegi 13 - 15, Selfossi
Sími 1660

***Ópið til kl. 22 á Þorláksmessu**



Austurvegi 56, Selfossi
Sími 482 1900

***Ópið lau 27. des. kl. 10-13**



Austurvegi 4, Selfossi
Sími 482 4181



Bókakaffið
Selfossi

Austurvegi 22, Selfossi
Sími 482 3079

***18. - 23. des. opið til kl. 22.**

Glæsileg jólasýning

Fimleikadeild Umf. Selfoss stóð fyrir þremur jólasýningum í íþróttahúsi Vallaskóla sl. laugardag. Þema sýningarinnar að þessu sinni var Frozen-ævintýrið. Sýningarnar voru stórglæsilegar eins og myndirnar hér á síðunni, sem Örn Guðnason tók, bera með sér. Á fimmta hundrað iðkendur tóku þátt í sýningunni sem var sú níunda í röðinni og fimleikadeildinni til mikils sóma.



GRÆJAFU JÓLIN

CANON
EOS 700D

149.900 kr.

Með 18-55 STM linsu. Kennslubók, námskeið og 32GB minnskort fylgir með. Frábær myndgæði og Full HD vídeó.

LENOVO
SPJALDTÖLVUPAKKI

19.990 kr.

A7-40 7" WIFI. Flottur pakki fyrir þá sem vilja leiki, tónlist og kvikmyndir í jólagjöf. Heyrnatöl og hultur fylgja með.

CANON
PIXMA MG5650

19.900 kr.

Háþróaður fjölnota prentari með WiFi. Prentun, ljósritun og skönnun. Sparaðu pappír með prentun báðum megin.

LENOVO
G50 FARTÖLVA

59.900 kr.

Stílhrein heimilistölva á frábær verði. 4GB minni, 1TB diskur, Win 8.1 Home.



TRS | Eyraðveg 37 | www.tris.is | 480 3300

ENNEIM NM6379



Frá sýslumanninum á Selfossi

Skrifstofa embættis sýslumanns á Selfossi verður lokuð á aðfangadag jóla, miðvikudaginn 24. desember 2014.

Sýslumaðurinn á Selfossi

Skötu- og saltfisk-
veisla í Eldhúsinu
Tryggvagötu 40

Kiwanisklúbburinn Búrfell verður með hina árlegu Skötu- og saltfiskveislu laugardaginn 20. des. 2014 kl. 12:00 -14:00 í Eldhúsinu við Tryggvagötu.

Veislan er haldin til fjárflounar fyrir klúbbinn Strók á Suðurlandi. Fiskbúð Suðurlands er og hefur verið aðal styrktaraðili þessarar veislu með okkur sl. 9 ár. Máltíðin kostar 2.700 kr. (Ath. hraðbanki er í næsta húsi.)

Glæsileg jólagjafabréf
Fullkomin gjöf í jólapakkann

HÓTEL GRÍMSBORGIR

S: 555 7879 info@grimsborgir.is www.grimsborgir.is



Sony Xperia snjallsímar

Flottir og hraðvirkir símar með góðum skjá og myndavél.

Xperia Z3

Glæsilegur sími með 5.2" IPS skjá og 20.7MP myndavél með LED flassi. Ryk- og vatnsvarinn. Með ótrúlegri rafhlöðu sem endist í allt að 16 klst í notkun. Sími sem litur glæsilega út og hægt er að treysta á hvar og hvenær sem er.

VÖRUNÚMER: 10089050

Tilboð kr. 119.990.-

Listaverð kr. 139.990.-

Xperia E3

Er sími sem hefur 4.5" IPS skjá, 4G netmöguleika og 5MP myndavél. Rafhlaða sem endist allt að 8.5klst í notkun. Flott tæki með jafnvægi falletgrar hönnunar, afkasta og áreiðanleika á frábæru verði.

VÖRUNÚMER: 10089047

Verð aðeins kr. 39.990.-



Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands ehf

Eyraðveg 37 • 800 Selfoss • Sími 480 3300 • www.tris.is

Skátar í Hveragerði voru með aðventukakó

Skátafélagið Strókur í Hveragerði bauð gestum og gangandi í kakó og piparkökum í skátaheimili sínu 7. desember sl. Kakóið í ár var einstaklega bragðgott enda lagað úr úrvals mjólk íslenskra kúa og bragðbætt samkvæmt leyniuppskrift Stróks. Piparkökurnar voru einnig áberandi glæsilega skreyttar, en því ber að þakka sérstaklega listrænum foringjahópi ásamt metnaðarfullum ungmennum sem hafa tekið augljósum framförum frá árdögum aðventukakóboðanna.

Reyndar átti boðið að vera 30. nóvember, fyrsta sunnudag í aðventu. Þá var ætlunin að tendra ljósin á bæjarjólalátrénu í Smágörðunum en vegna slæmrar veðurspár var ákveðið að fresta tendruninni um viku. Því fengu Skátarnir þennan fína jólasnjó í boðið sitt og skjávarpinn sem félagið var búið að festa kaup á fyrir gjafafé frá Kvenfélaginu og Lions, kom í hús. Ekki vannst tími til að tengja hann á framtíðarstaðinn en samt sem áður var hann fyllilega nothæfur og fékk að rulla með myndum af skátastarfi fyrr og nú, skátunum ekki síður en gestum þeirra til óblandinnar gleði og ánægju.


Kakóboðið á aðventunni er orðið árlegur viðburður í skátastarfinu, þetta er dagurinn þar sem skátarnir taka á móti gestum á sínu heimili, Skátaheimilinu, sem er þeirra athafnasvæði til starfa og undirbúnings fyrir hin ýmsu verkefni stór og smá. Stundum er það jólakortagerð til skátavina innanlands og utan, stundum undirbúningur fyrir mót af ýmsu tagi. Sólarhringur drekaskáta á Úlfjótssvatn krefst kannski ekki eins mikils undirbúnings og ferð drótskáta á alheimsmót í útlöndum en er vafalaust álíka mikilvægt skref út í lífið sjálft.

Piparkökuskreytingar geta vel talist með mikilvægari verkefnum í skátaheimilinu. Þarna vinna skátarnir saman að ákveðnu viðfangsefni sem er til góðs fyrir marga. Þeir þurfa að vera samvinnufúsir og hjálpast að. Ungmennin þurfa að læra

að fara vel með hráefnið og verkfærin, vera nýtin og útsjónarsöm. Svo er spjallað, galsast og strítt órlítið, smávegis kitl og hnoð, pirringur, bros, hlátur ... þannig er samvera, þannig eru gæðastundir með vinum.

Skátafélagið Strókur í Hveragerði þakkar bæjarbúum og öðrum gestum fyrir komuna í skátaheimilið. Einnig þakkar félagið Hveragerðisbæ og þeim fjölmörgu félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum sem stutt hafa við starfið með margvíslegum hætti á liðnum árum. Án ykkar ætti Strókur ekki svona fín samkomutjald, útielundargræjur, skjávarpa, ja eða heimili sem hægt er að gera allt mögulegt í til dæmis bjóða gestum í aðventukakó.

*Jólakeðjur
Jónína Sigurjónsdóttir,
félagsforingi skátafélagsins
Stróks*



Núverandi og fyrrverandi gjaldkerar Stróks Ingibjörg Sigmundsdóttir og Þór Hreinsson.



Allt klárt fyrir gestina. Drótskátar tilbúnir að hella í bollana.



Drekaskátar passa búðina og bjóða gesti velkomna.



Skátaheimilið við Breiðumörk, skátar gefa gestum og gangandi kakó og piparkökum.



Bæjarstjórinn lét sig ekki vanta í aðventukakóið

Lesið úr jólabókum

Á fimmtudagskvöldum mætir landslið rithöfunda og kynnrir bækur sínar í Bókakaffinu á Selfossi. Notaleg stund yfir kaffi eða kakóbolla. Ókeypis aðgangur meðan húsrúm leyfir. Húsið er opnað klukkan átta en lestur hefst klukkan hálftíu og er lokið um hálftíu.

Stuttur og skemmtilegir kaflar úr nýju bókunum.

18. desember lesa

Guðbergur Bergsson: Þrír sneru aftur
Bjarni Bernharður: Tímasprengrja
Guðrún Eva Mínervudóttir: Englaryk
Björn Rúriksson: Yfir Íslandi
Guðni Ágústsson: Hallgerður
Jón Pálsson: Dýrmundur og málið með veginn
Kristian Guttesen: Í landi hinna ófleygu fugla
Magnús Halldórsson: Á blautum skóm
Valgarður Egilsson: Steinaldarveislan

Bókakaffið
Austurvegi 22 - Selfossi
Opíó 12-22 alla daga fram til jóla

Leikdeild Umf. Gnúpverja sýnir „Heilsugæsluna“

Frá leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja hefur náð samningum varðandi leikrit og leikstjóra.

Leikritið sem félagið hyggst taka til sýninga heitir Heilsugæslan og er Lýður Árnason lækni í Laugarási höfundur þess. Samlestur og æfingar hefjast fljótlega eftir áramót. Leitað er að áhugasömu fólki til samstarfs. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Eyþór í síma 897 1112 eða á netfangið eythorb@gmail.com. - ög

Jólabað í Skeiðalaug!

Í nýjasta fréttabréfi Skeiðalaug Gnúpverjahrepps er skemmtileg auglýsing þar sem Skeiðamaðinn og Gnúpverjar eru hvattir til að fara í jólabað í Skeiðalaug. Í auglýsingunni segir að hér sé tilvalið tækifæri til að minnka biðraðir á baðherbergið heima fyrir. Einnig kemur fram að kaffi og djús ásamt piparkökum sé í boði hússins og að frítt sé í sund. Skeiðalaug verður opin á aðfangadag kl.10:00–14:00. Laugin verður lokuð á jóladag og nýársdag. Undir þetta ritar umsjónarmaður Skeiðalaugar. - ög

Skötuveisla Umf. Vöku í Þjórsárverri

Ungmennafélagið Vaka stendur fyrir sinni árvisu skötuveislu í Þjórsárverri á Þorláksmessu. Skötuveislan er fyrir löngu orðin fastur liður í jólahaldi margra. Hún var fyrst haldin árið 1998 við góðar undirtektir og hefur síðan þá stækkað jafnt og þétt að umfangi.

Skötuveislan er bæði fjáröflunarleið fyrir ungmennafélagið en um leið skemmtilegur vettvangur fyrir fólk að hittast og eiga saman notalega stund í jólaösinni.

Boðið er upp á hlaðborð með úrvals sunnlenskri skötu, kartöflum, rófum, rúgbrauði, hamsatölg og hnoðmör. Saltfiskur er einnig á boðstólnum fyrir þá sem það kjósa og svo er auðvitað kaffi og konfekt á eftir. Verðinu er stillt í hóf eins og alltaf. Fullorðnir greiða 2.200 kr. og börn 6–12 ára 500 kr. Frítt er fyrir yngri börn.

Húsið opnar klukkan 12:00 og stendur veislan til ca. klukkan 13:00 eða þar til allt er búið úr pottunum. *Stjórn Umf. Vöku.*

Guðbergur, Guðrún Eva og fleiri góðir í Bókakaffinu

Guðbergur Bergsson og Guðrún Eva Mínervudóttir eru meðal þeirra sem fram koma í Bókakaffinu á Selfossi nú síðasta fimmtudagskvöldið fyrir jól. Fólk er hvatt til að mæta um átta og tryggja sér sæti en lestur hefst um hálf níu. Kakókannan gengur á milli og eftir að lestri er lokið blanda rithöfundar geði við gesti og árita bækur. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Lesarar 18. desember eru eftirtaldir: Bjarni Bernharður Bjarnason: *Tímasprengrja*, Björn Rúriksson: *Yfir Íslandi*, Guðbergur Bergsson: *Þrír sneru aftur*, Guðni Ágústsson: *Hallgerður*, Guðrún Eva Mínervudóttir: *Englaryk*, Jón Pálsson: *Dýrmundur og málið með veginn*, Kristian Guttesen: *Í landi hinna ófleygu fugla*, Magnús Halldórsson: *Á blautum skóm* og Valgarður Egilsson: *Steinaldarveislan*.



Guðbergur Bergsson, rithöfundur.



Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

Húsfyllir á öllum sýningum

Líf og fjör var í íþróttahúsi Vallaskóla síðastliðinn laugardag þegar Fimleikadeild Selfoss stóð fyrir árlegri jólasýningu. Sýningarnar voru alls þrjár og var húsfyllir á þeim öllum.

Í ár tóku allir iðkendur deildarinnar þátt sem persónur í Disney-myndinni Frozen. Atriðin voru hvert öðru flottari og greinilegt að mikið var búið að leggja í undirbúning hvort sem lítið var á atriðin sjálf, leikmynd, tónlist, ljós, búninga, förun eða hárgreiðslur.

Það er mikil reynsla sem börnin öðlast við þátttöku á sýningu sem þessari og er það gott veganesti út í lífið. Sumir taka að sér stærri hlutverk en aðrir og leika aðalpersónur í

sýningunni og í ár var yngsta aðalpersónan aðeins níu ára. Krökkunum fórst þetta einkar vel úr hendi og fékk fólk gæðahúð og tár á hvarma við sum leik- og dansatriðin.

Það er stórkostlegt að sjá hvernig allir hjálpast að á laugardagsmorgni við að koma öllum í réttan karakter og eru þar foreldrar fremstir í flokki. Iðkendur, þjálfarar og stjórn



voru hæstánægð með útkomuna og á undirtektum áhorfenda að dæma þá voru þeir ekki síður ánægðir.

Fimleikadeild Selfoss vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem lögðu sýningunni lið þjálfurum, stjórn, foreldrum, fyrirtækjum og öðrum velunnurum og síðast en ekki síst fá börnin þakki fyrir frábæra frammistöðu.

ob

Ljósmyndir:

Umf. Selfoss/Inga Heiða Heimisdóttir

Öruggur sigur á Mílunni

HANDBOLTI Selfoss vann góðan útisigur á félögum sínum í Mílunni 19-24 í skemmtilegum leik í Vallaskóla sl. fimmtudag. Selfoss byrjaði betur í upphafi leiks og komst í 3-7 þegar fyrri hálfleikur var u.þ.b. hálfnaður en þá var Mílan búið að brenna af tveimur vítum. Staðan í hálfleik var 7-12 fyrir Selfoss.

Seinni hálfleikinn hóf Mílan á að skora tvö fyrstu mörkin en Selfyssingar voru fljótir að gefa í og komust í 14-20. Þá slökuðu okkar strákar full mikið á og hleyptu Mílunni inn í leikinn sem minnkaði muninn niður í 18-20. Nær fengu þeir grænu þó ekki að komast og Selfoss vann nokkuð sannfærandi fimm marka sigur, 19-24.

Selfyssingar spiluðu framliggjandi vörn sem Mílan réð illa við að komast í gegn. Þessi vörn gekk vel hjá Selfyssingum með Helga Hlynsson öflugan í markinu en hann átti góðan leik, var með 23 varin skot, þar af eitt viti sem gerir 56% markvörslu.

Andri Már var markahæstur með 6 mörk. Hergeir og Elvar Örn skoruðu fjögur mörk, Guðjón og Hörður með þrjú, Gunnar Páll, Ómar Vignir, Jóhann og Árni með eitt mark hver.

Selfoss er nú í fjórða sæti deildarinnar með 14 stig og á einn leik eftir fyrir jólafrí á móti Hömrúnum á Akureyri sunnudaginn 20. desember fyrir norðan.

VIÐBURÐIR NÆSTU VIKNA

Laugardagur 20. desember
13:00 – 4. fl. kk. KA-Selfoss
16:00 – 1. deild kk. Hamrarnir-Self.

Laugardagur 27. desember
HSK mótið í handbolta, Vallaskóla

Miðvikudagur 7. janúar
17:50 – 3. fl. kvk. Grótt-Selfoss

ÚRSLIT SEINUSTU VIKU

Fimmtudagur 11. desember
1. deild kk. Mílan-Selfoss 19-24

Föstudagur 12. desember
2. fl. kk. FH/ÍH-Selfoss 30-24

Laugardagur 13. desember
3. fl. kvk. Fjölnir-Selfoss 22-22

Sunnudagur 14. desember
3. fl. kk. Selfoss-FH 26-27

Hrafnhildur Hanna markahæst í Olísdeildinni

HANDBOLTI Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, leikmaður Selfoss, er markahæsti leikmaður Olís deildar kvenna. Hún hefur skorað 78 mörk í tíu leikjum og er með gott forskot á næstu leikmenn. Hrafnhildur Hanna er gríðarlega sterkur leikmaður sem nýlega var valin í A-landslið Íslands sem komst áfram í undankeppni HM og spilaði hún sinn fyrsta landsleik þegar íslenska liðið lagði Makedóníu. Hanna skoraði eitt mark í leiknum en hún á eflaust eftir að láta meira að sér kveða með landsliðinu á næstu árum.

Beltapróf og HSK-mót

Um helgina var haldið beltapróf og Taekwondo-deild Umf. Selfoss stóð fyrir HSK móti í íþróttahúsinu Iðu.

62 aðilar voru skráðir í beltapróf og mættu flest allir þrátt fyrir veikindi á sumum bæjum. Allir þátttakendur í beltaprófinu stóðust próf, en aðeins tveir aðilar þurfa að sýna yfirþjálfara formin sín til að fá nýju beltin.

Um 40 manns mættu til leiks á HSK-mótinu þrátt fyrir slæmt veðurútlit. Keppt var í Poomsae, sparring og hinna sívinsælu þrautabaut. Einnig var sýningahópur Taekwondodeildar að frumsýna nýtt atriði sem vakti mikla lukku viðstaddra.

Það er skemmst frá því að segja að mótið gekk í alla staði frábærlega og allir keppendur stóðu sig með stakri þrýði.

Öll úrslit mótsins og myndir má finna á heimasíðu Umf. Selfoss www.umfs.is. pj



Keppendur voru áhugasamir í langstökkinu. Mynd: Umf. Selfoss

Jólamót í frjálsum

Jólamót Frjálsíþróttadeildar Selfoss fyrir iðkendur 9 ára og yngri var haldið í Iðu mánudaginn 8. desember sl. Á mótinu var stökkið, kastað og hlaupið undir dynjandi jólatónlist.

Góð þátttaka var bæði barna og foreldra sem aðstoðuðu við framkvæmd mótsins. Keppt var í 30 m hlaupi, langstökki án atrennu og skutlukasti auk þess sem elstu börnin köstuðu kúlu.

Krakkarnir stóðu sig með þrýði og gleði skein úr hverju andliti. kg

Eva og Konráð fimleikafólk ársins

Ájólasýningu Fimleikadeildar Selfoss hefur skapast sú hefð að krýna fimleikamenn ársins.

Að þessu sinni urðu fyrir valinu Eva Grímsdóttir 19 ára Selfossmaður og Konráð Oddgeir Jóhannsson 16 ára Selfyssingur. Þau hafa bæði sýnt framúrskarandi árangur á æfingum og í keppni á liðandi ári og eru yngri iðkendum deildarinnar miklar fyrirmyndir. Þau leggja mikinn metnað í æfingar sínar og eru mikilvægir liðsmenn.

Konráð keppti m.a. með blönduðu liði Selfoss á Norðurlandamóti unglinga í apríl á þessu ári og uppskar þar brons með liðinu. Hann keppti með unglingalandsliði í blönduðum flokki í hópímleikum á Evrópumótinu í október sl. Þar stóð hann sig afar vel og liðið hafnaði í 3. sæti.

Eva náði þeim einstaka árangri að komast í A-landslið kvenna en baráttan er mjög hörð



Konráð Oddgeir og Eva.

Mynd: Umf. Selfoss/Inga Heiða Heimisdóttir

um sæti í liðinu. Eva stóð sig mjög vel með landsliðinu sem hafnaði í 2. sæti á Evrópu-meistaramótinu.

Næstu verkefni hjá íþróttafólkinu er keppni á íslenska tímabilinu 2015 og freista þess að ná inn á Norðurlandamót

fullorðinna sem haldið verður á Íslandi í nóvember 2015.

Fimleikadeild Selfoss færir þeim hamingjuóskir með þennan glæsilega árangur og óskar þeim gæfu og góðs gengis á nýju fimleikaári.

ob

Fjármál sveitarfélaga á Suðurlandi árið 2015

Um þessar mundir hafa sveitarfélögin á Suðurlandi verið að ganga frá fjárhagsáætlunum fyrir komandi ár. Yfirleitt er byrjað snemma á haustin að rýna í tölurnar og stilla upp áætlunum. Í mörg horn er að líta enda næg verkefni sem vantar fjármuni í.

Vinnan gengur því oft út á að forgangsraða og eins að minnka skuldir þar sem það á við. Dagskráin hafði samband við sveitarstjóra og bað þá um að segja í stuttu máli hverjar væru helstu áherslur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015.

fjallaskála verða sem fyrr gerð skil. Í samstarfi við Skógrækt ríkisins verður aðgengi að Gjánni í Þjórsárdal bætt með gerð stíga og palls. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna framkvæmdanna á komandi ári. Enda útlit fyrir að rekstrarafkoma standi undir þeim," sagði Kristófer.



Hrunamannahreppur

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, sagði að helstu breytingar á milli ára væru tengdar launakostnaði sveitarfélagsins. Sagði hann að sá liður hækkaði töluvert mikið vegna áhrifa kjarasamninga en áætluð hækkan á launakostnaði sveitarfélagsins á milli ára er um 11%. Sagði hann að þetta hefði auðvitað nokkuð mikil áhrif á rekstur sveitarfélagsins.

„Langstærsta framkvæmd ársins 2015 er að klára stækkun íþróttahússins á Flúðum. Fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins er annars nokkuð viðamikil fyrir árið 2015. Þar er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 19 m.kr. í gatnagerð, 93 m.kr. vegna stækkunar íþróttahúss og 3 m.kr. vegna endurnýjunar bifreiðar í áhaldahúsi. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í fráveitu að fjárhæð 12 m.kr., í vatnsveitu 5 m.kr. og í hitaveitu 7 m.kr.“

Í fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 93 m.kr. vegna íþróttahúss og 12 m.kr. vegna fráveitufamkvæmda. Klárað verður að leggja bundið slitlag á tvær götur á Flúðum, auk þess sem lagnir verða endurnýjaðar í annarri götunni.

Jón sagði að lögd væri áhersla á að hafa hækkanir á gjaldskrá hoflegar og þá var t.d. samþykkt að leikskólajöld fyrir árið 2015 yrðu óbreytt á milli ára. Sveitarfélagið leggur einnig áherslu á að halda áfram viðhaldsframkvæmdum á fasteignum sveitarfélagsins og halda áfram í jákvæðum umhverfisverkefnum.

Flóahreppur



Hjá Flóahreppi er stefnt að því að halda úti góðri þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Þar gegna skóli og leikskóli veigamiklu hlutverki, en starfsemin þar snertir stærsta hluta heimilanna í sveitarfélaginu á einhvern hátt. Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri, sagði að stefna Flóahrepps væri að vera ávallt í fremstu röð hvað varðar flokkun og frágang á sorpi og öðrum úrgangi. „Í samstarfi við nágrannasveitarfélögin verður komið upp varanlegri lausn við losun og vinnslu seyru með kaupum á kalkara sem skilar seyrunni nýtanlegri til uppgræðslu. Byggingu leikskólans ásamt frágangi lóðar lýkur sumarið 2015, en starfsemi leikskólans flytur í nýtt og endurbætt húsnæði 1. febrúar 2015," sagði Eydis.

Ákveðið er að vinna nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og ljúka um það bil 60% þeirrar vinnu á árinu 2015. Hún sagði að styrkja þyrfti vatnsveituna til þess að bæta úr vatnsskortu í svæðum í gamla Hraungerðishreppi, með nýlögnum og sverun lagna. „Það liggja einnig ákveðin tækifæri í þátttöku Flóahrepps í „Tæknisviði uppsveita“ sem sveitarstjórn samþykkti nú nýverið að sækja formlega um inngöngu í. Við teljum að skoða þurfi hvort hægt sé að ná fram sparnaði í orku kaupum og leita þess vegna tilboða í orku til lýsingar og upphitunar.“

Mýrdalshreppur



Rekstur sveitarfélagsins verður með svipuðum hætti á næsta ári og undanfarin ár. Heildartekjur Mýrdalshrepps eru áætlaðar 406 m.kr. og rekstrargjöld án afskrifta 351,7 m.kr. Að sögn Ásgeirs Magnússonar, sveitarstjóra, verður áfram unnið markvisst að hagræðingu í öllum rekstri sveitarsjóds, þó með það að markmiði að standa vörð um alla grunnþjónustu við íbúa sveitarfélagsins. „Gjaldskrá leikskóladeildar Víkurskóla lækkar um 15% frá áramótum og gjaldskrár tónskóladeildar Víkurskóla og íþróttamannvirkja verða óbreyttar milli ára og eins fæðiskostnaður í öllum deildum Víkurskóla.“

Framkvæmdaáætlun ársins er upp á rúmlega 48 m.kr. og eru helstu framkvæmdirnar þær að í gatnagerð er stefnt að því að unnið verði við vatns- og fráveitulagnir

svo og frágang gatna og gangstétta í Króktúni, Hátúni, Sunnubraut, Mánabraut og á Suðurvíkurvegi.

Hvað fasteignir varðar verður endurnýjun á hitakerfi, eldhúsi og lóð leikskóladeildar við Víkurskóla. Einni er stefnt að því að ráðast í endurbætur á fasteigninni að Austurvegi 17. Þá verður lögd ný vatnsleiðsla og settir upp brunahanar í iðnaðarhverfi Víkurþorps.

Árborg



Í fjárhagsáætlun fyrir Sveitarfélagið Árborg er gert ráð fyrir ríflega 10 m.kr. afgangi af rekstri á árinu 2015, þ.e. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta. Árið 2015 er því fimmta árið í röð sem gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu af rekstri sveitarfélagsins og ljóst að varanlegur viðsnúningur hefur orðið hvað það varðar. Vegna kjarasamningsbundinna launahækkana aukast rekstrarútgjöld nokkuð, einkum í stærsta málaflokki sveitarfélagsins, fræðslu- og uppeldismálum. Íbúum í Árborg hefur farið fjölgandi, eru nú ríflega 8.000 og útsvarstekjur fara hækkanði.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sagði að breytingar í rekstri málaflokka væru ekki miklar. „Fjárfestingar eru áætlaðar meiri en verið hafa síðustu ár, að árinu 2014 undanskildu, en ráðgerð er fjárfesting fyrir 792 m.kr. Helst ber þar að nefna viðbyggingu við Sundhöll Selfoss, sem áætlað er að taka í notkun næsta sumar, og viðbyggingu við Sunnulækjarskóla, en fyrri áfangi þeirrar framkvæmdar verður tekinn í notkun haustið 2015. Einnig verður haldið áfram með undirbúning og framkvæmdir vegna hreinsistöðvar fráveitu. Eru verkefni því heldur færri en verið hafa síðustu ár, en að sama skapi er hvert og eitt þessara stærri verkefna fjárfrekara.“

Ásta bætti við að ýmis smærri verkefni væru einnig á dagskrá viðsvegar um sveitarfélagið, s.s. viðhald gangstétta, endurbætur á tjaldsvæðum, vatnsöflun o.fl. Þá verður ráðist í endurbætur á Tryggvagötu og haldið áfram við lagningu göngustígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar, auk þess sem viðhaldi ýmissa fasteigna í eigu sveitarfélagsins verður sinnt.

„Sveitarfélagið hefur aðkomu að byggingu verknámshúss við FSu með ríkinu og öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi, en áætlað er að framkvæmdir við bygginguna hefjist á fyrri hluta næsta árs. Verkefni næsta árs eru því af ýmsum toga og munu kalla á talsvert mikla aðkeypta vinnu. Sum verkefnanna hafa þegar verið boðin út, önnur eru í útboðsferli og ljóst að framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins munu kalla á talsverðan mannafla og eru til þess fallnar að koma hjólu atvinnulífsins í gang.“

Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Gert er ráð fyrir að skatttekjur ársins 2015 nem um 448,3 m.kr. hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Að sögn Kristófers Tómassonar, sveitarstjóra, er ein stærsta áherslubreyting í rekstri sveitarfélagsins á komandi ári sú að leikskóli verður gjaldfrjáls frá og með 1. ágúst 2015. En fyrsta skrefið í þessa átt var stigið 1. nóvember sl. þegar gjaldtaka af vistun elsta árgangsins í leikskólanum var afnumin. Hann sagði einnig að fræðslumálin væru stærsti pósturinn í rekstri sveitarfélagsins og sem fyrr yrði lögd áhersla á gæði kennslu og tæknibúnað. Þá er unnið að endurskoðun aðalskipulags á næsta ári, en núverandi skipulag rennur út árið 2016.

„Áform eru um að fjárfesta fyrir 73,2 m.kr. Stærsta verkefnið verður gatnagerð sem ætlað er að kosti um 47 m.kr. nettó. Götur í hverfunum við Árnes og á Brautarholti verða byggðar upp og lagðar malbiki. Fráveitukerfi verða einnig lagfærð. Almennu viðhaldi fasteigna svo sem félagsheimila, skóla, sundlauga og

Ásahreppur



Fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2015–2018 var samþykkt samhljóða í sveitarstjórn þann 26. nóvember sl. Þar voru staðfest fyrri áform um að lækka leikskólajöld um 50% og að elsti árgangurinn verði gjaldfrjáls. Þá verða að sögn Björgvins G. Sigurðssonar, sveitarstjóra, teknar upp tómsundagreiðslur í fyrsta sinn að hámarki 50 þúsund á ári fyrir börn og ungmenntu.

„Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir ríflega 90 m.kr. fjárfestingu í ljósleiðaranum á tveimur árum og að sveitarfélagið verði skulddlaust með öllu árið 2017. Þá var útsvarið lækkað í lágmarkið.“

Af framkvæmdum á tímabilinu má nefna að reiknað er með framlagi til Hjúkrunarheimilisins Lundar upp á 3,6 m.kr. árið 2015 og 17,2 m.kr. 2016. Reiknað er með endurgreiðslu frá Ríkissjóði upp á 6,8 m.kr. árið 2017. Framkvæmdakostnaður á Laugalandi 2015 er áætlaður 3,5 m.kr., 30 m.kr. fara í vegagerð árið 2018 og 35 m.kr. í umhverfisátak árið 2017. Þá sagði Björgvin að reiknað væri með 7,2 m.kr. framkvæmdakostnaði vegna atvinnu- og ferðamála árið 2017 og 15 m.kr. árið 2018.

Ölfus



Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2015–2018 var tekin til síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar 11. desember sl. og samþykkt samhljóða. Óverulegar breytingar verða á rekstri Sveitarfélagsins Ölfuss á árinu 2015 samanborið við fyrra ár. Aukin áhersla verður lögd á umhverfismál og er áætlað að starfsmaður verði ráðinn í heilsársstarf við umhverfissamsjón.

„Stærstu einstöku fjárfestingarverkefnin eru kaup á eignarhlut í leikskólum Hveragerðisbæjar 32 m.kr. og hönnun og rannsóknir vegna endurbóta á höfninni 27,5 m.kr. Áætlaðar eru 9,2 m.kr. til uppbyggingar á skrúðgarði í Þorlákshöfn, 12,5 m.kr. til uppbyggingar á gatna og göngustigakerfi bæjarins, 10,75 m.kr. til tækjakaupa fyrir þjónustumiðstöð, 5 m.kr. til framkvæmda við golfvöll auk ýmissa annarra smærri framkvæmda," sagði Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2015. Áætlað reiknað skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum í lok árs 2015 er 96,8%. Í þriggja ára áætlun 2016–2018 er áætlað að leggja 50 m.kr. til frekari uppbyggingar á leikskólanum Bergheimum, 35,5 m.kr. til uppbyggingar á gáavelli/flokkunarstöð. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu áhalda- og fimleikaaðstöðu við íþróttahúsið og eru áætlaðar 120 m.kr. í verkefnið á árunum 2017 og 2018. Að sögn Gunnsteins mun bætt aðstaða fjölga tímum í íþróttahúsi fyrir iðkendur allra deilda og samhljóða verður loftræsting í íþróttahúsi bætt. Stærsta einstaka verkefnið á fjögurra ára áætlun eru endurbætur á höfninni, en 522,5 m.kr. er áætlaður hlutur sveitarfélagsins til verkefnisins á árunum 2016–2018. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 2.200 m.kr. sem unnið verður í samstarfi ríkis og Þorlákshafnar.

„Við leggjum sérstaka áherslu á uppbyggingu vegna þjónustu við fræðslumál, askulýðs- og íþróttamál og í uppbyggingu hafnarinnar. Þá eru miklar vonir bundnar við fjölgun atvinnutækifæra og aukna þjónustu með eflingu hafnarinnar á næstu árum," sagði Gunnsteinn.

Rangárþing eystra



Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti samhljóða fjárhagsáætlun 2015–2018 á fundi fimmtudaginn 11. desember sl. Að sögn Ísólfs Gylfa Pálmasonar, sveitarstjóra, eru áætlaðar heildartekjur Rangárþings eystra alls 1.300,6 m.kr. Heildarútgjöld án

fjármagnsliða eru áætluð 1.255.3 m.kr. og þar af reiknaðar afskriftir 77,8 m.kr. Veltufé frá rekstri er 114,3 m.kr., niðurstaða fjármagnsliða 34,6 m.kr. og rekstrarniðurstaða jákvæð um 10,6 m.kr.

Af helstu fjárfestingum má nefna menningarmál 8,5 m.kr., æskulýðs- og íþróttamál 9 m.kr., umhverfis og samgöngumál 18 m.kr., umhverfismál 9,5 m.kr., atvinnumál 2,5 m.kr., til eignasjóðs þ.e. kaup á Seljalandsskóla, viðhald á Austurvegi 4 o.fl. 20,5 m.kr., félagslegar íbúðir 5 m.kr., fráveita 8 m.kr., vatnsveita 5 m.kr. og hreinlætismál (Sorpstöð) 5 m.kr.

Ísólfur sagði að sérstök fjárhagsáætlun væri gerð fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhol. „Sveitarfélagið mun sækja í Framkvæmdasjóð aldraðra um áframhaldandi uppbyggingu heimilisins. Enn er ekki ljóst hve miklum fjármunum við verðum að verja til þeirra framkvæmda. Það fer eftir framlagi úr Framkvæmdasjóðnum. En áframhaldandi uppbygging er eitt allra brýnasta verkefni næstu ára. Þá stendur til að selja Seljalandsskóla og verja peningum sem fyrir þau mannvirki fást til áframhaldandi uppbyggingar á Kirkjuholi,“ sagði Ísólfur.

Grímsness- og Grafningshreppur



„Helstu áherslur í fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps eru auðvitað lögboðnar skyldur sveitarfélaga. Þar að auki eru stærstu framkvæmdir ársins 2015 í eignasjóði, en þar eru fyrirhugaðar tvær stórar framkvæmdir, annars vegar að klára tengibyggingu milli félagsheimilisins og nýja skólahúsnæðisins sem mun kosta um 20 milljónir og hins vegar er gert ráð fyrir um 30 milljónum í að gera við Félagsheimilið Borg að utan. Félagsheimilið á 50 ára afmæli í febrúar 2016 og því nauðsynlegt að fríska aðeins upp á útlit þess fyrir afmælið. Einnig verða settir fjármunir í að klára skólalóðina,“ sagði Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri.

„Í fráveitu eru áætlaðar 14 milljónir í framkvæmdir þar sem við erum að fara í sameiginlegt verkefni með nágrennasveitarfélögum í afsetningu á seyr. Að lokum má svo nefna smávægileg verkefni í vatns- og hitaveitu sem er áætlað að muni kosta um fjórar milljónir, en það felst í eftirlitskerfi og búnaði.“

Hveragerði



Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri, sagði ánægjulegt að íbúum Hveragerðis hefði fjölgað á árinu. Hún sagði að bygging íbúða væri hafin á ný og að bærarstjórn vonaðist til að áfram fjölgi í

bærarfélaginu á næstu misserum. Í fjárhagsáætlun er lögð áhersla á endurbætur eigna og gatnagerð árið 2015. Ráðast á í viðbyggingu við grunnskólann sem hýsa mun mötuneyti skólans. Fjármunir eru settir til endurbóta á sundlaugarhúsinu bæði utanhúss og innan en þar mun m.a. verða sett lyfta sem bæta mun aðgengi fyrir alla. Slitlag verður lagt á veginn inn að framtíðarbilastæði innst í Dalnum. Gert er ráð fyrir yfirlagi á eldri götur í þéttbýlinu ásamt endurbótum á gönguleiðum og bættri ásynd bæjarins. Svo fætt eitt sé talið.

„Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er jákvæð um 177 milljónir sem er 8,8% af tekjum. EBITDA Hveragerðisbæjar er 272 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 131 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um 46 m.kr.,“ sagði Aldís.

„Skuldastaða sveitarfélagsins er vel undir skuldaþakinu sem lögfest hefur verið í nýjum sveitarstjórnarlögum og batnar hlutfallið með hverju árinu sem liður eins og best sést á 3 ára áætlun sem lögð var fram samhliða fjárhagsáætlun 2015. Skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar í lok ársins 2015 munu nema um 122% af árstekjum samkvæmt útkomuspá. Samkvæmt fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingu vegna lífeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar. Sé það gert myndi skuldahlutfallið batna enn frekar og verða 113%,“ sagði Aldís.

Fjárhagsáætlun var unnin í góðu samstarfi allra bæjarfulltrúa og forstöðumanna stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem sýndur var við gerð hennar.

Rangárfing ytra



„Hér hjá Rangárfingi ytra leggjum við áherslu á að halda okkar striki við aðhald í rekstri og að greiða niður skuldir samhliða því að sinna nauðsynlegri fjárfestingu. Nú í haust hafa orðið umtalsverðar launahækkanir m.a. hjá kennurum sem hafa veruleg

áhrif á okkar áætlanir. Við höfum brugðist við þeim með breyttri forgangsriðun og með því að setja aðhaldskröfu á alla málaflokka. Niðurstaða okkar fyrir árið 2015 er að heildarfjárfesting verið um 100 milljónir og framlegð verði ríflega 250 milljónir eða tæplega 19% af tekjum og að skuldahlutfall okkar fari niður í 128% sem er vel innan við þau mörk sem sett eru sem hámark í þeim efnunum. Við höfum farið varlega í því að spá fyrir um auknar tekjur og fyrst og fremst unnið í því að finna hagfelldar leiðir hvað gjaldaliðina varðar. Þó svo að það hafi verið nokkuð snúið að koma þessu saman þá hefur vinnan við áætlanagerðina engu að síður gengið

ágætlega og starfsmenn sveitarfélagsins og sveitarstjórnarfolk unnið að þessu í ágættri einingu. Við erum því bara nokkuð bjartsýn á framtíðina,“ sagði Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Bláskógabyggð



Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sagði að gert væri ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins yrði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Gert er ráð fyrir auknum fjármunum í viðhald fasteigna, ef litid er til fjárveitinga til þeirra þátta undanfarin ár. Heildartekjur Bláskóga-

byggðar árið 2015 eru áætlaðar um 975 m.kr. Heildargjöld eru áætluð rúmar 893 m.kr., fjármagnsliðir tæpar 82 m.kr. og rekstrarniðurstaða rúmar 43 m.kr.

„Hvað nýframkvæmdir varðar ber hæst framkvæmdir við nýja dælustöð í Reykholti. Við gerum ráð fyrir að ljúka þeirri framkvæmd á árinu 2015. Einnig má nefna gatnagerð í þéttbýlum sveitarfélagsins, en þar er bæði um að ræða að byggja götur frá grunni og að ljúka frágangi á götum með því að setja bundið slitlag á þær. Kostnaður við áætlaðar nýframkvæmdir eru 45 milljónir króna, nettó, á árinu 2015,“ sagði Valtýr.

Skaftárhreppur



„Hjá okkur var áhersla lögð á að halda óbreyttum rekstri málaflokka. Við ætlum að fara í nokkrar framkvæmdir s.s. undirbúning gatnagerðar á Skaftárvöllum, þar erum við nýbúin að samþykkja deiliskipulag fyrir rétt um 40 nýjar íbúðir. Einnig ætlum við að

útbúa nýjan gámafvöll hjá okkur og gera aðgengi betra að svæðinu svo íbúar og gestir hafi betra aðgengi að sorpflokkunaraðstöðu. Þá er ætlunin að útbúa aðstöðu á neðri hæð Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Sú aðstaða mun nýtast eldri borgurum til félagsstarfs og einnig verður mögulegt að taka á móti sérfræðingum til allskonar starfa t.d. sjúkrapjálfar,“ sagði Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri.

Hún nefndi einnig viðhaldsverkefni, misstór, s.s. gluggaviðgerðir í skóla o.s.frv. Með þessari áætlun Skaftárhrepps er gert ráð fyrir rekstrartapi aðalsjóðs upp á kr. 6,7 m.kr. en 24,3 m.kr. afgangi eignarsjóðs. Niðurstaða A-hluta verði með rekstrarafgang 17,5 m.kr. Samantekin A og B hluti verði rekstrarniðurstaðan 31,3 m.kr. í rekstrarafgang. Veltufé frá rekstri verði 14,5% og veltufjárhlfall 2,99.

Jólagjöfina hennar færðu hjá okkur



7.990



15.990



14.990



15.990



5.990



7.990



7.990



10.990



10.990

18. Desember verðum við með Útsölumarkað á eldri vörum

kl. 20 - 22 gerið góð kaup



Taska 7.990
Hanskar 5.990
Veski 2.990



Loðbönd
4.990



Taska 8.990
Hanskar 5.990
Veski 2.990



Miðgarður - Austurvegur 4 - Selfoss - S: 482 2144

Mikil kátína á Jólatorginu

Jólasveinarnir úr Ingólfsfjalli komu á jólatorgið á Selfossi sl. laugardag. Þar ríkti mikil gleði og kátína enda yngstu börnin búin að bíða með óþreyju eftir þeim bræðrum. Sveinarnir heilsuðu upp á krakkana og tóku lagið áður en þeir héldu til starfa. Þeir hafa nóg að gera næstu dægrin við að heimsækja leikskóla, skóla og bera út pakka á aðfangadag. Svo er ærin vinna við að setja í skóinn.



Nýjar leiðir í Árborg sem efla lestrarfærni barna og unglinga

Á undanföllum mánuðum hafa skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk skólaþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar mótað nýjar áherslur í vinnu með læsi í leikskólum og grunnskólum út frá hugmyndafræðilegum grunni lærdóms-samfélagsins. Litið er á verkefnið sem þróunar- og námsferli er byggist á sameiginlegri ígrundun og faglegum samræðum í hverjum skóla, milli skóla og skólastiga með það að meginmarkmiði að efla lestrarfærni barna og unglinga í sveitarfélaginu. Nýleg skólastefna Árborgar 2013–2016, stjórnendanámskeið á síðasta skólaári og faglegt samstarf við fræðslusvið Reykjanesbæjar hafa auðveldað innleiðingu á nýjum áherslum í skólum sveitarfélagsins.

Árangursríkt læsi í leikskólum Árborgar

Allir leikskólar eru að vinna þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að auka hæfni og

þekkingu barna í læsi. Unnið er að þróun daglegra og markvissra sögu- og samræðustunda með áherslu á aukinn hlustunar- og málkilning, orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu. Unnið er með ýmis verkefni sem tengjast daglegu lífi barnanna, svo sem bangsa sem fer á milli heimila barnanna og segir frá því sem fyrir augu ber með hjálp þeirra. Einnig er leitast við að fræða foreldra leikskólabarna og styðja þá í hlutverki sínu í málörvun. Hlutverk foreldra í málörvun barna felst meðal annars í því að vera góð fyrirmynd, ræða við barnið og lesa fyrir það. Þau börn sem búa við slíkar kjöraðstæður öðlast aukinn orðaforða og eru vel undirbúin fyrir lestrarnámið í grunnskólanum. Stefnt er að því að í lok leikskólagöngunnar nái börnin meðal annars að skilja uppbyggingu orða og hljóða, hafi öðlast ánægjulega reynslu af lestri og skrift, hafi kynnst stöfum og tengsl stafa og

hljóða, njóti þess að hlusta á og semja sögur og ævintýri og hafi þróað læsi í viðum skilningi. Þróunarverkefnið fær myndarlegan styrk úr Sprotasjóði og verkefnastjóri þess er Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ. Verkefnið er liður í því að byggja upp góðar undirstöður í námi og þroska barnanna en í leikskólunum er jafnframt unnið að greiningum og skimunum með HLJÓM-2 sem mælir hljóðkerfisvitund ásamt TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku ungra barna og félagsþroska með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Nýtt verklag í grunnskólum Árborgar

Í grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar er lögð áhersla á að nota bestu mögulegu skimunartæki, greina vel niðurstöður og vinna með þær þannig að nemendur sýni góðar framfarir í lestri og öðru

námi. Í 1.–4. bekk er notað skimunartækið Leið til læsis og skimun með LOGOS fer fram í 3., 6. og 9. bekk en LOGOS er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknnum á lestrarfærni. Kennsluráðgjafar og sérkennarar við skólana leggja LOGOS skimun fyrir og kennsluráðgjafar vinna úr niðurstöðum sem eru svo kynntar fyrir skólastjórnendum og kennurum viðkomandi árganga. Þessir fagaðilar ákveða saman hvernig staðið skuli að lestrarnámskeiði fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda. Upplýsingabréf er sent til foreldra þar sem skimunarniðurstöður eru kynntar og LOGOS greiningartækið útskýrt nánar. Mikil áhersla er lögð á lestrarþjálfun heima og í skóla, einkum hjá þeim nemendum sem fara á 8 vikna lestrarnámskeið í kjölfar skimunar. Eftir lestrarnámskeiðið er skimað aftur og ánægjulegt er að sjá miklar

Þórdís H. Ólafsdóttir,
kennsluráðgjafi




Þorsteinn Hjartarson,
fræðslustjóri



framfarir hjá nemendum. Starfið miðast fyrst og fremst við að bæta námsárangur nemenda, styrkja kennara í starfi og vinna vel með foreldrum. Loks er þetta stóra samstarfsverkefni, sem byggt er upp í anda lærdóms-samfélagsins, liður í því að efla skólana í Sveitarfélaginu Árborg sem faglegar stofnanir þar sem áhersla er lögð á árangursríka og sveigjanlega kennsluhætti.

SPENNANDI BÓKAJÓL



ÚTKALL
ÓTTAR SVEINSSON
3.899 KR

netto *bækur*
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda 18. - 21. des. 2014

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri



Oddakirkja á Rangárvöllum

Ljóm. Heinn Óskarsson

KIRKJUR UM JÓL OG ÁRAMÓT

ÞORLÁKSKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.
Aftansöngur kl. 18:00

HJALLAKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.
Hátíðarsöngur kl. 13:30.

STRANDARKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.
Hátíðarsöngur kl. 15:00.

KOTSTRANDARKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.
Helgistund kl. 13:00. Skátar aðstoða fólk við að kveikja á leiðiskertum við „Friðarlogann frá Betlehem“.

Jóladagur 25. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

HVERAGERÐISKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.
Aftansöngur kl. 18:00.

Gamlársdagur 31. desember:
Aftansöngur kl. 17:00. Ath. breyttan tíma.

STOKKSEYRARKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.
Aftansöngur kl. 18:00.

EYRARBAKKAKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.

GAULVERJABÆJARKIRKJA

Jóladagur 25. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

MOSFELLSKIRKJA

Í GRÍMSNESI

Annar í jólum 26. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:30. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Félagar úr Söngkór Miðdalskirkju syngja. Viðar Stefánsson, Mag. theol. prédíkar. Organisti er Jón Bjarnason.

ÚTHLÍÐARKIRKJA

Þriðji í jólum 27. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00. Sr. Egill Hallgrímsson, annast prestsþjónustuna. Úthlíðarkórinn leiðir söng. Viðar Stefánsson, Mag. theol. prédíkar. Organisti Jón Bjarnason.

SKÁLHOLTSDÓMKIRKJA

Laugardagur 20. desember.
Barnasamkoma kl. 11:00 í umsjá Bergþóru Ragnarsdóttur og Jóns Bjarnasonar, organista.

Sunnudagur 21. desember.

Messa kl. 11:00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason.

Aðfangadagur 24. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 18:00. Prestar sr. Egill Hallgrímsson og sr. Kristján Valur Ingólfsson. Skálholtskórinn syngur. Sungnir verða hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Organisti er Jón Bjarnason.
Miðnæturmessa á jólanótt kl. 23:30. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, Skálholtsbiskup. Félagar úr Skálholtskórnum syngja. Organisti er Jón Bjarnason.

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur. Bergþóra Ragnarsdóttir djáknanemi aðstoðar. Skálholtskórinn syngur. Organisti Jón Bjarnason. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Gamlársdagur 31. desember:

Hátíðarmessa kl. 17:00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Skálholtskórinn syngur. Organisti er Jón Bjarnason.

MIÐDALSKIRKJA

Í LAUGARDAL

Jóladagur 25. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Söngkór Miðdalskirkju syngur. Organisti er Jón Bjarnason. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar.

ÚLFLJÓTSVATNSKIRKJA

Í GRAFNINGI

Sunnudagur 28. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Viðar Stefánsson, Mag. theol. prédíkar. Organisti Jón Bjarnason.

HAUKADALSKIRKJA

Sunnudagur 28. desember.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 16:00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Viðar Stefánsson, Mag. Theol. prédíkar. Organisti Jón Bjarnason.

TORFASTAÐAKIRKJA

Nýársdagur 1. janúar 2015:

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

BRÆÐRATUNGUKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00. Sr. Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

HRUNAKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.

ÓLAFSVALLAKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld kl. 22. Kirkjan lýst upp með kerta-ljósum.

TUNGUFELLSKIRKJA

Gamlársdagur 31. desember:

Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 15. Forsöngvari leiðir sönginn.

STÓRA-NÚPSKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarmessa kl. 14. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar.

31. desember gamlársdagur:

Aftansöngur kl. 16:30. Gamla árið kvatt.

HREPPHÓLAKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarmessa kl. 11. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Sunnudagur 4. janúar 2015:

Nýármessa kl. 14. Nýju ári heilsað. Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar!

HVÍTASUNNUKIRKJAN SELFOSI
AUSTURVEGI 40B
www.selfossgospel.is

Fim. 18. des. kl. 19:00. **Bænastund.**
Fös. 19. des. kl. 20:00. **Jólatónleikar.**
Mán. 22. des. kl. 20:00. Celebrate Recovery 12 spora fundur. Opinn fyrir alla.
Hátíðardagskrá aðfangadag kl. 16:30.
Hátíðarsamkoma sunnud. 28. des. kl. 11:00.
Vitnisburðasamkoma mánud. 29. des. kl. 20. Celebrate Recovery 12 spora fundur. Opinn fyrir alla.
www.celebraterecovery.is.

BREIÐABÓLSTADARKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:30.

KIRKJUHVOLL

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarhelgistund kl. 11:00.

HLÍÐARENDARKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:00.

KROSSKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:30.

AKUREYJARKIRKJA

Sunnudagur 28. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:30.

STÓRÓLFSHVOLSKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 17:00.

Gamlársdagur 31. desember:

Hátíðarguðsþjónusta kl. 16:00.

Sr. Önnundur S. Björnsson

SELFOSSKIRKJA

4. sunnudagur í aðventu, 21. des.

Jólasamvera barna kl. 11. Sungnir verða jólasálmar og jólalög undir stjórn Edit Molnár og dansað í kringum jólatréð. Hugrún Kristín Helgadóttir, æskulýðsfulltrúi og séra Þorvaldur Karl Helgason sjá um stundina.

Aðfangadagur 24. desember.

Aftansöngur kl. 18. Hátíðarsöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kirkjukórinn syngur. Organisti Jörg Sondermann. Prestur sr. Axel Á. Njarðvík.

Helgistund á jólanótt, kl. 23:30. Ritningarlestur, almennur söngur. Kirkjukórinn syngur. Organisti Jörg Sondermann. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason.

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Kirkjukórinn syngur. Organisti Jörg Sondermann. Prestur sr. Axel Á. Njarðvík.

Gamlársdagur 31. desember:

Aftansöngur kl. 17. Hátíðarsöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kirkjukórinn syngur. Organisti Jörg Sondermann. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason.

VILLINGAHOLTSKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Kirkjukórinn syngur. Organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur sr. Axel Á. Njarðvík.

HRAUNGERÐISKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Kirkjukórinn syngur. Organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason.

LAUGARDÆLAKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 13. Organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Þorvaldur Karl Helgason.

KÁLFHOLTSKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
Sr. Halldóra J. Þorvarðadóttir.

HAGAKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.
Sr. Halldóra J. Þorvarðadóttir.

SKARÐSKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 16:00.
Sr. Halldóra J. Þorvarðadóttir.

ÁRBÆJARKIRKJA

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00 f.h.

Gamlársdagur 31. desember:

Sameiginleg áramótaguðsþjónusta fyrir prestakallið kl. 11:00 f.h.
Sr. Halldóra J. Þorvarðadóttir

HJÚKRUNAR- OG DVALAR-HEIMILIÐ LUNDUR, HELLU

Aðfangadagur 24. desember.

Helgistund kl. 16:00.
Sr. Guðbjörg Arnardóttir

ÞYKKVABÆJARKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Aftansöngur kl. 18:00.
Sr. Guðbjörg Arnardóttir

ODDAKIRKJA

Aðfangadagur 24. desember.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:00.

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00.

Gamlársdagur 31. desember:

Messa kl. 15:00.

Sr. Guðbjörg Arnardóttir

KELDNAKIRKJA

Annar í jólum 26. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

Sr. Guðbjörg Arnardóttir

VÍKURKIRKJA

Í MÝRDAL

Aðfangadagur 24. desember.

Aftansöngur í Víkurkirkju kl. 18:00. Hátíðarsvör séra Bjarna Þorsteinssonar. Samkór Mýrdælinga syngur stjórnandi Kári Gestsson organisti.

EYVINDARHÓLAKIRKJA

UNDIR EYJAFJÖLLUM

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:00. Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða sönginn. Organisti er Guðjón Halldór Óskarsson.

SKEIÐFLATARKIRKJA

Í MÝRDAL

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:30. Samkór Mýrdælinga leiðir sönginn. Organisti er Kári Gestsson.

REYNISKIRKJA

Í MÝRDAL

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 16:00. Kristín Björnsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng.

HJALLATÚN Í VÍK

Sunnudagur 28. desember.

Jólahelgistund kl. 11:00. Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða sönginn. Organisti er Kári Gestsson.

SÓLHEIMAKAPELLA

Í MÝRDAL

Sunnudagur 28. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 16:00. Kristín Björnsdóttir organisti leiðir almennan söng.

JÓLATRÉSSKEMMTUN

Sameiginleg Jólátrésskemmtun kvenfélaganna undir Eyjafjöllum verður haldin í félagsheimilinu **Heimalandi**, sunnudaginn 28. desember kl. 14:00. Sóknarprestur flytur hugvekju. Áður boðaðar guðsþjónustur í **Stóra-Dals- og Ásólfsskálakirkjum** falla niður.
Sr. Haraldur M. Kristjánsson.

MINNINGARCAPELLA

SR. JÓNS STEINGRÍMSSONAR

Aðfangadagur 24. desember.

Miðnæturmessa kl. 23:30.

31. desember gamlárskvöld.

Aftansöngur kl. 18:00.

LANGHOLTSKIRKJA

Í MEDALLANDI

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00.

PRESTSBAKKAKIRKJA

Á SIÐU

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

KAPELLAN KLAUSTURHÓLUM

Annar í jólum 26. desember.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.

Sr. Ingólfur Hartvigsson.



Áramótabrennur í Sveitarfélaginu Árborg 2014

Kveikt verður í áramótabrennum á eftirfarandi stöðum í Sveitarfélaginu Árborg þann 31. desember nk. ef veður leyfir.

- Á gámasvæðinu, Víkurheiði á Selfossi kl. 16:30
- Við Hafnarbrú á Eyrarbakka kl. 20:00
- Við Arnhólma á Stokkseyri kl. 20:00

Fólk er hvatt til að fylgjast með fréttum ef veðurspáin lítur illa út.

*Gledileg
jól og
farsælt
komandi ár*

með þökk fyrir
ánægjuleg
samskipti á árinu



Veri velkomin 2015
Safni verur opnað me-
rri sningu 24. janúar

**LISTASAFN
ÁRNESINGA**



JOE BOXER

ER KOMINN AFTUR

Ný sending af náttkjólum og náttfötum
frá Trofé og Huber

Frábæru bómullarnærfötin frá JBS

Sokkar og sokkabuxur frá Decoy

Cintamani ullarnærföt

Casall æfingaföt

Brooks hlaupaskór

VERID VELKOMIN



**Efnalaug
Suðurlands**

Austurvegi 56 - Selfossi - Sími 482 1554



Jól í Árborg 2014

Jólatorgið opið í Sigtúnsgarðinum á Selfossi
helgina 19. – 21. des.

**Leikskólabörnin syngja
og jólasveinarnir koma í heimsókn**

Fjölbreyttur varningur er til sölu á torginu. M.a. kakó,
jólavörur, útskornar vörur, þrjónavörur, handverk ofl.
Lítið jólaþorp á staðnum með rafmagnslest
sem gaman er að skoða.

Torgið er opið föstudag frá 15:00 – 18:00
og laugardaga og sunnudaga frá 12:00 - 18:00.
Jólatónlist ómar um svæðið frá opnun torgsins.

Viðburðir á sviði frá kl. 14:30 laugardaginn 20. des.

- Daníel Haukur Arnarsson syngur nokkur jólalög
- UniJon (Jón Tryggvi og Unnur Arndísar) syngja og spila
- Verðlaunaafhending fyrir bestu jólaskreytingarnar í Árborg kl. 16:00
- Magnús Kjartan Eyjólfsson spilar strax á eftir verðlaunaafhendingunni

Sunnudagurinn 21. des. frá kl. 14:30

- Jóhanna Ómarsdóttir syngur
- Leikskólabörn í Árborg mæta og syngja jólalög kl. 15:00
- Jólabball með Örlygi Benediktssyni og Birgi Hartmannssyni.

Jólasveinar kíkja á svæðið.

Þeir sem hafa áhuga á að selja varning í
söluhúsinum geta haft samband við Sigrúnu
Hauksdóttur í síma 618 5000 eða sent póst á
sigrun@pax.is.

Jötunn Selfossi opnunartími til jóla

15.12 – 19.12.	08:00 - 18:00	Lokað í hádeginu 12:00 - 12:30
Laugardagurinn	20.12.	10:00 - 18:00
Sunnudagurinn	21.12.	12:00 - 18:00
Mánudagurinn	22.12.	08:00 - 18:00
Þorláksmessa	23.12.	08:00 - 22:00
Aðfangadagur	24.12.	08:00 - 12:00
		Lokað í hádeginu 12:00 - 12:30



VELAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is

Burgerboys
 óska ykkur gleðilegra jóla
 og farsældar á komandi ári.
 Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Við getum ekki bjargað öllum
 en við gerum góða borgara



Eyravegi 32, Selfossi
 Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
 London - Berlín - Kaupmannahöfn



BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.

HEKLA Hjólastíllingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOD SELFÖSSÍ

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Dáleiðsla - heilsuráðgjöf - nudd - svæðanudd
Svæðanudd, nudd, augnlestur, heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en með dáleiðslu má m.a. finna rót heilsuvandamála, aðstoða fólk við að hætta að reykja, bæta árangur á mörgum sviðum, upplifa brot úr fyrri æviskeiðum, vinna að æskilegri líkamsþyngd og margt fleira. Vinn einnig með kenningar Edgars Cayce um grunn góðrar heilsu með hollu mataræði, með líkamsrækt og jákvæðu hugarfari. Bókanir í síma 898 1501.

Heiðar Ragnarsson,
Heilsulindinni, Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi

Reynir Katrínar
Nuddmeðferðir
Heilun
Spálestur í steina guðanna og þrivalda
Einnig áruiteiknun

Tímamantanir og upplýsingar í síma 861 2004
Reynir Katrínarson,
nuddmeistari

FUNDIR

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16 Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið). Nánari upplýsingar coda.is.

TAPAÐ - FUNDIÐ

Húslykill
fannst við ípróttahúsið á Sólvöllum eftir síðasta leik. Eigandi getur vitjað hans í afgreiðslu Prentmets Suðurlands, Eyravegi 25, Selfossi.

ATVINNA

Verkstjóra vantar
Óskum eftir að ráða verkstjóra við skipaafgreiðslu, að mestu suðvestanlands. Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftara-réttindi og geti unnið sjálfstætt. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á skipaafgreiðsla@gmail.com.

ÞJÓNUSTA

KJARNA-BÓKHOLD
Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Ráð í rekstri !

S S S E H F
HÚSASMÍÐI

Sveinn Skorri Skarphéðinsson
Sími 893 0422
sveinnskorri@gmail.com

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

X5
Persónuleg þjónusta
Bílaviðgerðir
Hjólbarðasala
Hjólbarðaðþjónusta
Gagnheiði 34 S: 893-3305

SUNNY **WANLI**

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 – maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil
Launavinnsla
Reikningaskrif
Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat
Persónuleg þjónusta

KORBA FLUTNINGAR
2 ferðir til Reykjavíkur
DAGLEGA
772 6010

JÓLADAGSKRÁ

18 - 24 DESEMBER

	18	19	20	21	22	23	24
BIG HERO 6 – 2D OG 3D ISLENSKT TAL	16:40	17:40	10:30, 13, 15:20	10:30, 13, 15:20	15:20	17:40	11:00
EXODUS: GODS AND KINGS	19:00				22:20		
HORRIBLE BOSSES 2 2 KLST 20 MIN		22:20	20:00	22:20	20:00	22:20	
NITGH AT THE MUSEUM: SECRET OF THE TOMB		20:00	17:40 22:20	17:40 20:00	17:40	20:00	13:20
THE HOBBIT: 3D THE BATTLE OF THE FIVE ARMIES	22:20						

25 - 31 DESEMBER

	25	26	27	28	29	30	31
BIG HERO 6 – 2D OG 3D ISLENSKT TAL	18:00	12:00 14:20	10:30 15:00	10:30, 12:40 15:00	13:20 15:40	14:20	11:40
FROZEN - 2D ISLENSKT TAL	15:40		12:40			12:00	
HORRIBLE BOSSES 2 2 KLST 20 MIN	22:40		17:20	17:20	20:00		
NITGH AT THE MUSEUM: SECRET OF THE TOMB	20:20						
THE HOBBIT: 3D HFR THE BATTLE OF THE FIVE ARMIES		16:40, 19:40 22:40	19:40 22:40	19:40 22:40	17:00 22:20	16:40, 19:40 22:40	14:00

1 - 7 JANÚAR

	1	2	3	4	5	6	7
BIG HERO 6 – 2D OG 3D ISLENSKT TAL	12:00 14:20		10:30 12:40	10:30 12:40			17:20
UNBROKEN		20:00	20:20	20:20	22:40		
HORRIBLE BOSSES 2	20:00		15:00			20:00	
NITGH AT THE MUSEUM: SECRET OF THE TOMB				15:00			
THE HOBBIT: 3D HFR THE BATTLE OF THE FIVE ARMIES	17:00 22:20	17:00 22:20	17:20 22:40	17:00 22:40	16:40 19:40	17:00 22:20	19:40 22:40

FRUMSYNING
TILBOÐ
POWERSYNING

SelfossBíó
WWW.SELFOSSBIO.IS
SÍMI: 517 7000

ÞJÓNUSTA

• STEYPUSÖGUN • KJARNA-BORUN • INNROMMUN
• TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM •
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu. Kjarnaborun fyrir lögnum. Ramma inn myndir, spegla og fleira.
Opið frá kl. 12-20 virka daga, og þess utan ef einhver er við.
ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Eru meindýrin að angra þig?
Sími: 892 0502

Gunnar Þór Hjaltason,
meindýraeyðir, Bjarnastöðum, Ölfusi

HEIMAVÖRN SECURITAS
-Miklu meira en innbrotavörn

Áskrift að öryggiskerfi fyrir heimilið felur líka í sér vörn gegn leka á VATNI og GASÍ.

SECURITAS

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FROST mark ehf.
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
GLUGGAR • HURÐIR • INNSKÉTINGAR
STOFNAD 1973
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is



Pöndur í heimsókn í FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands fyllist af syngjandi, kung-fu-spríklandi pöndum í byrjun desember. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á haustönn. Pöndurnar stígu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þær sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð. Síðan tók próflestur við, en um 97 nemendur hyggjast brautskrást úr námi við skólann. Brautskráning haustannar fer fram föstudaginn 19. desember og hefst kl. 14. Ljósmynd: Örn Óskarsson.

Glæsileg jólasýning fimleikadeildar

Fimleikadeild Umf. Selfoss stóð fyrir glæsilegri jólasýningu í íþróttahúsi Vallaskóla sl. laugardag. Húsfyllir var á allar þrjár sýningarnar sem þóttu takast vel, voru liflegar og í fallegri umgjörð. Á fimmta hundrað iðkendur, þjálfarar og foreldrar tóku þátt í undirbúningi og sýningunum sjálfum. Þetta var jafnframt niunda sýningin sem deildin setur upp. Þemað í ár var byggt á Frozen-ævintýrinu. Fleiri myndir má sjá á bls. 28.- ög



GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Heilu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurpjónusta
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
TOYOTA
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

**Raf- og Kæli-
þjónustan** ehf.
Sími 660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
• Ísskápa viðgerðir
• Almennar raflagnir

FRÓN
heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi
Fim. Komdu til okkar á FRÓN því það er jóla kvöld, jólatónlist, jólakokteilar, jólabjör & jóla skot á tilboði.
Fös. DJ GAY KAY býður í party! Til hamingju með útskriftina, próflokkin, jólafríð, lífið & tilveruna - tilboð á barnum
Lau. Herra FRÓN heldur upp á afmælið sitt svo staðurinn verður stúf fullur þegar þú mætir! ANDRÉ RAMÍRÉZ þeytir skifum og við dönsuð þakið af húsinu!
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is | Eyra vegi 35 / 800 selfoss

**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**
Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Freint um allt Suðurland

**LJÓSMYNDASTOFA
SUÐURLANDS**
**PASSA
MYNDIR**
Eyra vegur 38
sími: 4821766
FILMVERK

**TAXI
SELFOSSI**
SÍMI 482 3800
Opíð allan
sólárhreinginn
um helgar

COUNTRY TAXI
776-0810
Leigubíll
Flúðir • Reykholt • Árnes • Geysir
Úthlíð • Borg • Brautarholt
HALLDÓR
SÍMI: 776 0810 OG 783 1224

TækniSmiðjan
Sími 857 6715
gse@tsmidjan.is - www.tsmidjan.is
■ Stálhönnun
■ Vélteknihönnun
■ Þrívíddarteikning
■ Útboðsgögn
■ Eftirlit

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílruðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BÓNFDGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FYLGD
Útfararþjónusta
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólárhreinginn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

**ÖKUSKÓLI
SUÐURLANDS**
**Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið**
Eyra vegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is